



Öryggismál í hestatengdri ferðapjónustu

Hestaleigur og hestaferðafyrirtæki

Hrund Jóhannsdóttir



Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2011

Öryggismál í hestatengdri ferðapjónustu

Hestaleigur og hestaferðafyrirtæki

Hrund Jóhannsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Ingibjörg Sigurðardóttir

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, maí 2011

Öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu
Hestaleigur og hestaferðafyrirtæki
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2011 Hrund Jóhannsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Hrund Jóhannsdóttir, 2011, *Öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu – Hestaleigur og hestaferðafyrirtæki*, BS ritgerð, Líf og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 44 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, maí 2011

Yfirlýsing

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi sé samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Hrund Jóhannsdóttir

Útdráttur

Öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi hafa aldrei verið rannsökuð áður, þó svo að öryggi sé mjög mikilvægur þáttur í starfsemi hestaferðaþjónustufyrirtækja. Öryggismál snúa ekki eingöngu að velferð gesta heldur líka starfsmanna, hesta og að fyrirtækinu sjálfu almennt. Niðurstöður meginlegrar rannsóknar sem unnin var sérstaklega fyrir þessa ritgerð verða kynntar. Rannsóknin var í formi spurningakönnunar sem send var á 51 hestaleigu og hestaferðafyrirtæki. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna stöðu öryggismála hjá fyrirtækjum og viðhorf þeirra gangvart öryggismálum í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi almennt. Umræðan hvort hestatengd ferðaþjónusta teljist til ævintýraferðamennsku verður tekin upp og borin saman við dæmi erlendis frá með öryggismál í ævintýraferðamennsku til hliðsjónar.

Lykilorð: *Hestatengd ferðaþjónusta, öryggismál, ævintýraferðamennska, hestaleiga, hestaferðafyrirtæki.*

Abstract

Security affairs in horse-based tourism in Iceland have never been studied before, although security is an important factor in a horse-based tourism business. Security affairs do not only involve the guests' safety but also the safety of the employees, the horses and the company as a whole. The result of the quantitative research that was made especially for this essay will be revealed. The research is implied by a questionnaire survey that was sent to 51 horse rentals and horse tour companies. The purpose of the research was to study status of security affairs among horse-based tourism companies in Iceland as well as studying their attitude against security affairs in horse tourism in Iceland. The discussion whether horse-based tourism should be considered as adventure tourism will be continued and set beside similar situations from other countries in terms of security affairs.

Key words: *Horse-based tourism, security affairs, adventure tourism, horse-rental, horse tour companies.*

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	i
Myndaskrá	ii
Töfluskrá	iii
Þakkarorð.....	iv
1 Inngangur	1
2 Fræðileg umfjöllun	3
2.1 Ævintýraferðamennska.....	3
2.1.1 Hestatengd ferðapjónusta sem ævintýraferðamennska.....	4
2.2 Slys og hættur í ævintýraferðamennsku	5
2.2.1 Áhrifaþættir slysa í ævintýraferðamennsku.....	8
2.3 Hestatengd ferðapjónusta á Íslandi.....	11
2.3.1 Slys í hestatengdri ferðapjónustu á Íslandi	12
3 Öruggt umhverfi.....	14
3.1 Reglugerðir, lög og leyfismál	15
3.2 Tryggingar	16
3.3 Öryggisbúnaður og fatnaður	17
4 Gögn og aðferðir	19
4.1 Greining gagna og úrvinnsla	20
4.2 Hugsanleg vandamál.....	20
5 Niðurstöður	21
5.1 Bakgrunnur fyrirtækja	21
5.2 Öryggismál fyrirtækja.....	23
5.2.1 Notkun öryggisbúnaðar og eftirlit	25
5.3 Slys	25
5.4 Tryggingar	28
5.5 Viðhorf til öryggismála á Íslandi.....	30
6 Umræður og ályktanir.....	32
7 Lokaorð	36
Heimildaskrá.....	37
Viðauki I.....	40

Myndaskrá

Mynd 1 Banaslys á ferðamönnum (Jónas Guðmundsson, 2011)	6
Mynd 2 Eðli banaslysa hjá ferðamönnum (Jónas Guðmundsson, 2011)	6
Mynd 3 Hættuþættir sem geta valdið slysum í ævintýraferðamennsku (Page o.fl., 2003 í þýðingu höfundar)	10
Mynd 4 Mismunandi gerðir þjónustu meðal hestaferðaþjónustufyrirtækja	22
Mynd 5 Samanburður á aldursdreifingu starfsmanna í stuttum og löngum hestaferðum ...	23
Mynd 6 Hlutfall milli heildarfjölda starfsmanna og fjölda starfsmanna með skyndihjálparéttindi hjá hverjum svaranda.....	24
Mynd 7 Yfirferð og/eða endurnýjun reiðtygja, hjálma, öryggisvesta eða annars búnaðar sem viðkemur hestaferðaþjónustu	25
Mynd 8 Helsta orsök slysa að mati forsvarsmanna í hestatengdri ferðaþjónustu (meðaltal)	27
Mynd 9 Fjöldi fyrirækja sem lætur gesti fylla út ábyrgðaryfirlýsingu miðað við lengd hestaferða.....	30
Mynd 10 Viðhorf forsvarsmanna hestaferðaþjónustufyrirtækja gagnvart öryggismálum á Íslandi	31

Töfluskrá

Tafla 1 Tíðni starfsheita innan fyrirtækja	21
Tafla 2 Samanburður upphafsárs starfsemi fyrirtækis, þjónustu sem það býður upp á (stuttar hestaferðir, langar hestaferðir eða bæði) og tíðni læknisheimsókna gesta eftir hestaslys.....	26
Tafla 3 Svör þátttakenda við spurningu um viðbótatryggingar.....	29

Þakkarorð

Við vinnslu þessarar ritgerðar fékk ég góða aðstoð frá nokkrum aðilum og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Ingibjörgu Sigurðardóttur fyrir góða aðstoð við uppbyggingu og þróun ritgerðarinnar, sem og nytsamlegar ábendingar og uppbyggilega gagnrýni. Ég vil þakka Hildi Kristinsdóttur, Markúsi Benediktssyni, Jóhanni Albertsyni og Þorvarði Guðmundssyni fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Þórönnu Másdóttur þakka ég kærlega fyrir tölfræðiaðstoð og andlegan stuðning. Einnig vil ég þakka vinnuveitendum mínum fyrir sveigjanlegan vinnutíma á lokametrum ritgerðarinnar. Að lokum þakka ég fjölskyldu og vinum fyrir hvatningu og stuðning á meðan verkefninu stóð.

1 Inngangur

Notkun íslenska hestsins breyttist mikið í kjölfar vélvæðingar í landbúnaði hérlendis. Þarfasti þjónninn eins og hann var oft kallaður fór að þjóna nýju hlutverki. Hestamennsku fóru menn að stunda meira sér til tómstundagamans heldur en að nota hestinn til vinnu (Gísli B. Björnsson & Hjalti Jón Sveinsson, 2004). Mörg hestamannafélög hafa verið stofnuð hér á landi þar sem að fjölmargir deila því vinsæla áhugamáli, hestamennsku. Á Íslandi eru skráð 47 aðildarfélög í Landssamband Hestamannafélaga (Landssamband hestamannafélaga, 2009). Skráðir iðkendur árið 2009 voru 11.499 þar af 5.964 karlar og 5.535 konur (Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, 2009). Árið 2009 voru Íslendingar 319.368 þannig að rúmlega 3% þjóðarinnar voru skráð í hestamannafélög (Hagstofa Íslands, 2011a). Margar vísbendingar benda til þess að hestamennskan sé umfangsmeiri en skrár og tölur segja til um. Þar sem að ekki eru til nein heildarsamtök fyrir hestamennsku á Íslandi má gera ráð fyrir að iðkendur hestamenskunnar sé fleiri en þeir sem skráðir eru í hestamannafélög (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2011). Áætlaður fjöldi fólks sem stundar hestamennsku að staðaldri er á bilinu 35-40 þúsund (Guðrún Stefánsdóttir í Ingibjörg Sigurðardóttir, 2011).

Líkt og á Íslandi hafa vinsældir íslenska hestsins verið í sókn á erlendri grundu. Útflutningur og ræktun íslenska hestsins erlendis hefur verið lengi við lýði og er talin hafa byrjað að krafti upp úr miðri síðustu öld. Íslenska hestinn er nú að finna víðsvegar um heiminn og eru nú fleiri íslensk hross á erlendri grundu en hér á landi (Gísli B. Björnsson & Hjalti Jón Sveinsson, 2004). Árið 2009 voru skráðir 226.305 íslenskir hestar um allan heim, þar af voru 77.052 á Íslandi (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2009).

Árlega kemur mikill fjöldi ferðamanna til landsins og hefur Ísland vaxið og þróast yfir í vinsælan áfangastað ferðamanna. Árið 2010 komu 459.252 erlendir ferðamenn til landsins (Hagstofa Íslands, 2011b). Margir ferðamenn sem koma til landsins nýta sér þjónustu hestaferðaþjónustufyrirtækja hvort sem það er í styttri eða lengri hestaferðir eða hestasýningar. Samkvæmt könnun sem unnin var af Ferðamálastofu 2004-2005 þá fóru 17% ferðamanna á hestbak yfir sumartíma en 15% yfir vetrartímann (Bjarni Reynarsson, 2006). Náttúra Íslands er talin vera eitt af mestu aðdráttaröflum landsins og kemur íslenski

hesturinn þar óbeint inn í, þar sem dýralíf landsins er hluti af náttúrunni og íslenski hesturinn á sama hátt hluti af dýralífi landsins (Forsætisráðuneytið, 2008).

Eins og vísbendingar gefa til kynna að þá hafa vinsældir íslenska hestsins farið vaxandi sem og Ísland sem áfangastaður. Því er nauðsynlegt er að vernda ímynd landsins og íslenska hestsins. Gæði í þjónustu skapa góða ímynd og með loforðum um gæði þarf að tryggja öryggi. Öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu hafa lítið sem ekkert verið rannsökuð hér á landi og er því brýn þörf á að rannsaka stöðu mála varðandi öryggismál í slíkri þjónustu. Í þessari ritgerð er hugað að öryggisþáttum innan fyrirtækja sem bjóða hestatengda þjónustu fyrir ferðamenn.

Hvert er mat stjórnenda í hestaleigum og hestaferðafyrirtækjum á Íslandi á stöðu öryggismála innan sinna fyrirtækja? Hver er staða öryggismála í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi í dag? Eru ferðaþjónustufyrirtæki með öll tilskilin leyfi og tryggingar til að halda úti rekstri í hestaferðaþjónustu? Fylgja forsvarsmenn hestatengdra ferðaþjónustufyrirtækja eingöngu þeim lágmarks öryggisreglum sem settar eru við rekstur fyrirtækja eða fara þeir dýpra í þau mál? Þegar átt er við að fara dýpra í öryggismál má m.a. nefna; eru starfsmenn fyrirtækja menntaðir í skyndihjálp, er lágmarksöryggisbúnaður notaður (t.d. reiðhjálmar) og er öllum ferðamönnum kennd undirstöðuatriði hestamennskunnar áður en lagt er af stað? Á hestatengd ferðaþjónusta heima undir ævintýraferðamennsku? Er hestamenska hættuleg ferðamönnum? Þarf að taka betur á öryggismálum eða eru þau nauðsynleg yfir höfuð?

Til að svara þessum spurningum verða skoðaðar rannsóknir erlendis frá um öryggismál í ævintýraferðamennsku og í hestatengdri ferðaþjónustu. Stuðst verður við kenningar erlendra fræðimanna varðandi öryggismál. Niðurstöður spurningakönnunar sem unnin var sérstaklega fyrir þetta verkefni af höfundu verða birtar. Spurningar könnunarinnar voru unnar með kenningar erlendra fræðimanna til hliðsjónar þar á meðal Page, Bentley og Walker (2003). Könnunin var gerð meðal forsvaraðila hestaleiga og hestaferðafyrirtækja varðandi öryggismál innan fyrirtækis viðkomandi ásamt viðhorfi þeirra gagnvart öryggismálum almennt innan greinarinnar.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Ævintýraferðamennska

Ævintýraferðamennska hefur verið skilgreind á nokkra mismunandi vegu, en leggja þó allar skilgreiningar áherslu á að afþreyingin veiki upp spennandi upplifun (Weber, 2001). Millington, T. Locke og A. Locke (2001) skilgreina ævintýraferðamennsku sem tómstundagaman sem á sér stað á óvanalegum, framandi, villtum eða fjarlægum áfangastað. Þessum tómstundum fylgir oft á tíðum mikil hreyfing og hasar sem iðkuð er að mestu utandyra (Bentley & Page, 2007). Því er hægt að segja að ævintýraferðamennska sameini ferðalög, íþróttir, útivist og afþreyingu (Hudson, 2003). Ferðamennska af þessu tagi getur þó verið mismikið villt og adrenalínskapandi. Hún getur spannað allt frá léttri yfirborðsköfun til háfjallaklifurs á Mount Everest (Page, 2003). Tómstundagamanið felur þó oft í sér óhefðbundinn samgöngumáta eða hreyfingu, hvort sem það er í lofti, á landi eða í vatni. Þessir þrjú meginflokkar innan ævintýraferðamenskunnar fara eftir því hvar athafnirnar eru iðkaðar. Hestatengd ferðaþjónusta sem er aðal umfjöllunarefni þessarar ritgerðar hefur verið flokkuð undir landtengdar athafnir (Page, Bentley & Walker, 2003).

Page (2003) flokkar ævintýraferðamennsku í tvo flokka: léttu og erfiðu ævintýraferðamennsku. Það sem einkennir léttu ævintýraferðamennsku er að henni fylgir takmörkuð líkamleg áhætta, ferðamaðurinn þarf litla þekkingu eða hæfni, ekki eru gerðar miklar líkamlegar kröfur og hún er talin hættuminni og auðstjórnalegri. Athæfi sem flokkast þar undir eru m.a. kayak-siglingar, köfun, hjólaferðir, dýralífsferðir og hestaferðir (Page, 2003). Ferðamaðurinn er þar algerlega háður ferðaþjónustuaðilanum, þar sem reynsla hans er oft lítil sem engin. Ferðamaðurinn mætir oftast á upphafsstaðinn í hversdagslegum fatnaði og treystir algerlega á ferðaþjónustuaðilann sem þarf að útvega honum fatnað, búnað, samgöngumáta, kennslu, lærdan leiðsögumann ásamt spennu í hæfilegu magni (Buckley, 2006).

Einkenni erfiðrar ævintýraferðamennsku er mikil áhætta, mikilvægi góðs líkamlegs og andlegs ásigkomulags, mikil líkamleg áskorun ásamt því að vera mjög adrenalínskapandi. Dæmi um slík athæfi eru: Teygjustökk, fjallaklifur, flúðasiglingar, mjög langar gönguferðir og löng dvöl í óbyggðum (Page, 2003). Slík ferðamennska er minni í umfangi en léttu ævintýraferðamennskan. Erfiðu ævintýraferðamennskan er dýrari og á sér oft stað á afskekktari og kaldranalegri stöðum. Ferðamaðurinn þarfnast mikillar hæfni og peninga til að geta iðkað þau athæfi sem falla þarna undir (Buckley, 2006).

Mikið hefur verið rætt um það hvernig ferðamenn aðhyllast ævintýraferðamennsku. Millington, Locke og Locke (2001) segja að ferðamenn sem sækja í slíka upplifun búist við mismunandi stigum áhættu, spennu ásamt hugarró, auk þess sem að þeir sækist í persónulega áskorun. Flestir kenningasmiðir fræðigreinarinnar eru sammála um að áhætta og óvissa um framhaldið séu stór hluti þess sem hvetur einstaklinga til að stunda ævintýraferðamennsku. Þó hefur það sýnt sig að það er ekki „hin raunverulega hætta“ sem hvetur til ævintýraferðamennsku. Fólk sækist í að upplifa spennu og hræðslu frekar en raunverulega hættu og óvissu um framhaldið (Bentley & Page, 2007). Meðal annarra hvata ævintýraferðamenskunnar er að fólk sækist eftir viðurkenningu og einhverskonar uppgvötun, jafnvel á sjálfum sér. Fólk er forvitið og vill kanna nýjungar (Swarbrooke, Beard, Leckie & Pomfret, 2003). Því má segja að ferðamaðurinn vilji upplifa hættu, en ekki það mikla að hann telji sig ekki komast frá athöfninni lifandi. Hættan og spennan má samt ekki vera það lítil að ferðamanninum leiðist eða finnist athæfið leiðinlegt. Öryggismál eru mikilvægur þáttur ævintýraferðamennsku þannig að ferðamaðurinn geti upplifað slíkt án þess að óttast um öryggi sitt (Bentley & Page, 2007; Mansfred & Pizam, 2006).

Það er aldrei hægt að skilgreina nákvæmlega hvernig upplifun fólks er, þar sem sama ferðin getur haft mismunandi þýðingu fyrir mismunandi fólk. Eitthvað sem er mjög hversdagslegt fyrir einum einstaklingi getur verið mjög óvenjulegt og spennandi fyrir öðrum, allt veltur það á reynslu og persónuleika viðkomandi (Buckley, 2006; Swarbrooke o.fl., 2003).

2.1.1 Hestatengd ferðaþjónusta sem ævintýraferðamennska


Hægt er að velta upp þeirri spurningu hvort að hestatengd ferðaþjónusta flokkist undir ævintýraferðamennsku. Sumir vilja meina að hestatengd ferðaþjónusta geti flokkast undir mismunandi tegundir ferðaþjónustu og fer það allt eftir því hvar og hvernig hún er iðkuð. Hestatengd ferðaþjónusta hefur meðal annars verið flokkuð sem landbúnaðarferðamennska, borgarferðamennska og ævintýraferðamennska ásamt því að einhver hluti gæti líka flokkast undir vistvæna ferðamennsku (Ollenburg, 2005). Víðs vegar um heiminn hafa rannsóknir sýnt að samdráttur á sér stað í hefðbundnum landbúnaði. Bændur hafa þess vegna leitað annarra leiða til að nýta eignir og auka innkomu. Ísland er þar engin undantekning og er ferðaþjónustan ein þeirra leiða sem bændur hafa gripið til (Ingibjörg Sigurðardóttir & Guðrún Helgadóttir, 2006). Bændur hafa þess vegna tekið upp á því að nýta bæði hesta sína og land til þess að þróa ævintýraferðamennsku líkt og langar

hestaferðir yfir víðan völl jafnvel yfir hálendi (Guðrún Helgadóttir & Ingibjörg Sigurðardóttir, 2008).

Ollenburg (2005) flokkar mismunandi þætti hestatengdrar ferðapjónustu undir mismunandi vængi ferðamenskunnar. Hestaferðir með leiðsögn og halarófureiðir flokkast undir vistvæna- eða ævintýraferðamennsku (Ollenburg, 2005). Dvöl og heimsóknir á sveitabæ ásamt þátttöku við sveitastörf falla undir landbúnaðarferðamennsku, en það er ferðamennska þar sem gisting er aðskilin sveitumhverfinu (Ollenburg, 2005; Guðrún Helgadóttir & Ingibjörg Sigurðardóttir, 2008). Reiðnámskeið og sumarþúðir með hestaþema flokkast undir fræðslu en eru óbeint tengd ferðamennsku, þar sem nemandinn dvelur oft um tíma að heiman og nýtir sér á þeim tíma svipaða þjónustu og hefðbundinn ferðamaður. Hestvagnaferðir falla hins vegar undir borgarferðamennsku þar sem í flestum tilfellum er boðið upp á slíkar ferðir í þéttbýli á umferðagötum. Hestaferðir með leiðsögn og halarófureiðir eru algengasta form hestaferðamennsku og falla þar undir hestaleigur og hestaferðafyrirtæki. Hestaleigur sem bjóða upp á styttri ferðir fyrir öll getustig ferðamanna á afmörkuðum og friðsælum reiðleiðum eru líka talin undir ævintýraferðamennsku þrátt fyrir að vera heldur rólegri og auðveldari en lengri ferðirnar (Ollenburg, 2005).


2.2 Slys og hættur í ævintýraferðamennsku

Þar sem ferðamönnum á Íslandi fer ört fjölgandi er enn meiri þörf fyrir eftirlit með öryggi ferðamanna til að vernda ímynd landsins sem áfangastað. Landlæknisembættið birtir tölur um tegundir slysa og eru þar slys flokkuð eftir því hvar þau eiga sér stað. Þar sem fólk ferðast oft en ekki í frítíma sínum og nýtur afþreyingar sér til skemmtunar mætti flokka slys í ævintýraferðamennsku undir heima- og frístundaslys. Árið 2009 voru 40,5 % allra slysa flokkuð sem heima- og frístundaslys sem er lang stærsti flokkurinn á undan umferðaslysum með 24,6% (Landlæknisembættið, 2009). Höfundur fann lítið sem ekkert af birtum tölum um slysatíðni í ferðamennsku eða ævintýraferðamennsku nema um banaslys væri að ræða. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur unnið að því að greina og uppfæra upplýsingar um banaslys í ferðapjónustu síðasta áratuginn. Auk þess hefur það sótt um til Slysavarnaskráningar Íslands að fá gögn um önnur slys í ferðapjónustu síðast liðin 10 ár. Það er mjög mikilvægt að safna saman slíkum upplýsingum til að geta stundað markvissar forvarnir og til að geta metið árangur þeirra (Jónas Guðmundsson, 2011).



Mynd 1 Banaslys á ferðamönnum (Jónas Guðmundsson, 2011)

Eins og sést á mynd 1 voru sjö banaslys á Íslandi meðal erlendra og innlendra ferðamanna árið 2010 þar af fimm sem ekki tengdust umferð eða flugi. Árið 2009 voru sex banaslys og þar af tvö sem ekki tengdust umferð eða flugi. Flest banaslys áttu sér stað árið 2001 eða alls 19 talsins þar af níu sem ekki tengdust umferð eða flugi. Á þessu 10 ára skeiði sést líkt og á mynd 2 að hæsta hlutfall banaslysa meðal ferðamanna er í umferðinni (56%), næst mest í útivist og afþreyingu (23%) og þriðja mest eru banaslys á vélsleðum eða fjórhjólum (7%). Flest þessara banaslysa hafa orðið við iðkun athæfa sem flokka mætti undir ævintýraferðamennsku (Jónas Guðmundsson, 2011).



Mynd 2 Eðli banaslysa hjá ferðamönnum (Jónas Guðmundsson, 2011)

Dæmi um banaslys erlendis þar sem öryggismál í ævintýraferðamennsku fóru algerlega úrskeiðis er flúðasiglingaslysið í Interlaken í Sviss árið 1999. Slysið átti sér stað þegar hópur af 44 ferðamönnum og átta leiðsögumönnum sigldu þar í gegnum flúðir og fossa. Úrhellisrigning olli því að hluti af árbakkanum losnaði og í kjölfarið myndaðist sex metra hár veggur af moldarbrúnu vatni sem streymdi niður vatnsrásina. Þetta atvik olli hræðilegu slysi þar sem að 21 ferðamaður lét lífið. Talið var að leiðsögumennirnir hefðu hunsað veðurviðvaranir áður en þeir lögðu af stað. Það var einnig haft eftir leiðsögumanni frá öðru fyrirtæki að þrýstingur hefði verið á leiðsögumönnum að taka hagnað fyrirtækisins fram yfir öryggi ferðamanna (Mansfeld & Pizam, 2006)

Dæmi um banaslys hérlendis þar sem að efasemdir hafa vaknað varðandi framfylgi öryggismála, er þegar franskur ferðamaður lést í köfunarslysi í Silfru á Þingvöllum. Ferðamaðurinn var ásamt unnustu sinni í köfun á vegum íslensks ferðaþjónustufyrirtækis en grunur liggur á að búnaður hans hafi bilað þegar hann festi sig í gjánni og gat ekki losað sig, en slysið átti sér stað á 25 metra dýpi. Tæpum hálf tíma síðar tókst að ná mannum upp úr vatninu og hófust þá lífgunartilraunir sem báru engan árangur (Ríkisútvarpið, 2010).

Unnar hafa verið rannsóknir á slysatíðni í ævintýraferðamennsku annars staðar í heiminum þar á meðal á Nýja-Sjálandi og Skotlandi (Bentley & Page, 2007; Page o.fl., 2003). Á Nýja-Sjálandi var safnað saman upplýsingum um slys sem höfðu orðið við þær athafnir sem flokkast undir ævintýraferðamennsku hvort sem er í lofti, vatni eða á landi. Upplýsingarnar komu úr ýmsum gagnagrunnum sem innihalda upplýsingar um tilkynnt slys þar á meðal frá sjúkrahúsum, frá skaðabóta- og tryggingastofnunum og úr þremur könnunum sem gerðar voru meðal ferðamanna sem stunduðu ævintýraferðamennsku á Nýja-Sjálandi. Ekki hafði verið gerð slík rannsókn áður og var fólk ekki sammála um hvort að söfnun slíkra upplýsinga væri góð fyrir ímyndasköpun landsins. Með þessu var talið að verið væri að draga upp neikvæðar upplýsingar sem gætu síðar haft neikvæð áhrif á aðdráttarafli Nýja-Sjálands sem ferðamannastaðar (Bentley & Page, 2007).

Slys í hestatengdri ferðaþjónustu er eitt af fjórum athæfum sem hefur hæstu slysatíðnina á Nýja-Sjálandi, en þar má áætla að einhver hluti að þeim slysum hafi orðið á einstaklingum á eigin vegum. Flest skráð slys sem urðu í ævintýraferðamennsku eru föll (einstaklingur hrasar, dettur, fellur niður einhverja hæð – þarf ekki að vera meira en mannhæð). Mikið af þessum föllum er hægt að rekja til athæfa líkt og fjallgöngu, skíðaþróttar, gönguferða, hestaþróttar og jafnvel sumra vatnaþróttar þar sem um mikla

hæð er að ræða. Fæst skráð slys voru af beinum völdum dýra en þá telst ekki með þegar dottið er af hestbaki (Bentley & Page, 2007).

Í Skotlandi var einnig gerð könnun meðal ævintýraferðaðjónustufyrirtækja um öryggi ferðamanna. Líkt og tekið var fram hér að ofan hafði söfnun slíkra upplýsinga einnig þótt ógna orðspori landsins sem áfangastaðar. Þó að hættan sé fyrir hendi gera flestir ferðamenn sér grein fyrir ákveðinni áhættu sem fylgir því að iðka athafnir líkt og jaðariþróttir innan ævintýraferðamenskunnar (Page o.fl., 2003). Það er því mjög nauðsynlegt að rannsaka öryggisþætti svo hægt sé að bæta og laga aðstæður þannig að ímyndarskaði eigi sér ekki stað síðar meir. Því ekki er hægt að koma í veg fyrir hætturnar ef ekki er horfst í augu við þær fyrst (Page o.fl., 2003; Swarbrooke o.fl., 2003).

Í Skotlandi urðu flest slys í ævintýraferðamennsku í flokki landtengdra athæfa. Af þeim voru slys á iðkendum hestatengdrar ferðaðjónustu þriðju algengustu slysin sem urðu á ferðamönnum við iðkun athæfa í ævintýraferðamennsku (Page o.fl., 2003).


Enginn vafi er á því að hættur eru til staðar í hestatengdri ferðaðjónustu líkt og kemur hér fram að ofan. Ferðaðjónustuaðilum á að vera það annt um gesti sína að þeir hugi að öryggi þeirra, þar sem að orðspor flýgur hratt og orðrómur um slæm eða góð öryggismál spyrst hratt út. Sé vel staðið að öryggismálum getur það líka skapað starfsöryggi fyrir starfsmenn og hesta. Þess vegna skipta öryggismál miklu máli til að tryggja öryggi allra sem koma að hestatengdri ferðaðjónustu.

2.2.1 Áhrifaþættir slysa í ævintýraferðamennsku

Talið er að með miklum undirbúningi og skipulagi sé hægt að draga úr slysum í ævintýraferðamennsku. Mynd 3 útskýrir hverjir helstu áhrifaþættir slysa í ævintýraferðamennsku eru. Myndin er úr grein eftir Page, Bentley og Walker (2003) sem fjallar um öryggismál í ævintýraferðamennsku í Skotlandi. Samkvæmt þeim eru þrír þættir sem skal hafa í huga þegar unnið er að öryggismálum í ferðaðjónustu. Þeir eru: mannlegir þættir, útbúnaður og fatnaður og síðan umhverfisþættir (Page o.fl., 2003). Samkvæmt rannsókn sama efnis sem Page og Bentley unnu í Nýja-Sjálandi má rekja helstu áhrifaþætti slysa til mannlegra- og umhverfisþátta (Page & Bentley, 2007). Til að geta greint frá því betur ber að skoða alla þá undirflokkar sem falla undir þá aðal áhrifaþætti sem myndin sýnir.

Þeir þættir sem taldir eru auka líkur á slysum sem snúa að því mannlega eru samskiptaörðugleikar, glæfraskapur og persónueinkenni ferðamannsins.

Samskiptaörðugleikar geta verið meginástæða slysa og er það þegar ferðamaðurinn tekur ekki eftir leiðbeiningum leiðsögumannsins, ólíkir menningarheimar mætast eða skortur á tungumálabekkingu hjá báðum aðilum/öðrum aðila. Einnig getur frásögn ferðamannsins um eigin hæfni eða takmörk verið ónákvæm og getur slíkur misskilningur leitt til vandræða. Glæfraskapur getur líka leitt til slysa. Þá mistekst ferðamanninum að fylgja framsettum leiðbeiningum, er með sýndarmennsku og tekur því óþarfa áhættu. Það flokkast einnig undir glæfraskap að nota ekki réttan útbúnað eða fatnað. Þau persónueinkenni sem hafa áhrif á tíðni slysa eru að ferðamaðurinn er ekki í nægilega góðu líkamlegu formi sem hentar athæfinu eða skortir hæfileika eða fimi. Gömul meiðsli geta líka haft áhrif á getu ferðamannsins (Page o.fl., 2003). Niðurstöður nýsjálensku rannsóknarinnar sýna að ein af algengustu orsökum slysa í ævintýraferðamennsku fellur hér undir. Þar kemur fram að gestir fari ekki eftir fyrirmælum starfsmanna sem skorar sem eitt af þremur hæstu orsökum slysa í rannsókninni (Page & Bentley, 2007).



Mynd 3 Hættuþættir sem geta valdið slysum í ævintýraferðamennsku (Page o.fl., 2003 í þýðingu höfundar)

Annar þáttur sem sagður er hafa áhrif á slysatíðni í ævintýraferðamennsku er útbúnaður og fatnaður. Það skiptir máli framboð á útbúnaði, val á útbúnaði og viðhald útbúnaðar/ástandsskoðun og bilun. Notkun ódýrs og lélegs útbúnaðar eða þá að enginn öryggisbúnaður eða fatnaður er til staðar, sem er ekki ásættanlegt í ævintýraferðamennsku og getur haft alvarlegar afleiðingar. Það sama gildir um þegar rangur útbúnaður/fatnaður er notaður eða stærð og eða snið þeirra passar ekki ferðamanninum. Einnig þarf að passa að öllum útbúnaði og fatnaði sé haldið við, því bilaður eða gamall útbúnaður/fatnaður gerir ekki sama gagn og getur valdið slysum (Page o.fl., 2003). Ekki var minnst beint á þátt útbúnaðar eða fatnaðar í nýsjálensku rannsókninni, heldur er talað almennt um

öryggisstjórnun þar sem öryggisbúnaður/fatnaður getur að hluta til fallið undir ásamt mannlega þættinum. Slök öryggisstjórnun var ekki talin sem eitt af þremur algengustu orsökum slysa í ævintýraferðamennsku (Page & Bentley, 2007).

Síðasti áhrifaþátturinn í slysum í ævintýraferðamennsku eru umhverfisþættirnir. Þar geta veðurskilyrði, aðstæður vatns og hættur í undirlagi haft áhrif. Veður er eitt af því sem erfitt er að hafa áhrif á líkt og ef skyndilegar veðurbreytingar eiga sér stað, óvænt óhagstætt veður skellur á eða ekki er gert ráð fyrir ljósaskiptum. Aðstæður í vatni eins og flóð í ám, aukið vatnsmagn í vötnum og öfgafullar hitastigsbreytingar í vatni geta valdið slysum þó það eigi ekki við öll athæfi innan ævintýraferðamennskunnar. Hættur í undirlagi er síðasti umhverfis áhrifavaldur slysa sem nefndur er. Þar getur ferðamönnum orðið hætta á að renna/detta eða rekast í lausa hluti/málma í hallandi undirlagi sem getur reynst mjög hættulegt (Page o.fl., 2003). Umhverfisþættirnir eru sá áhrifavaldur slysa sem erfiðast er að stjórna enda voru skyndilegar veðurfarsbreytingar taldar sem eitt af þremur algengustu orsökum slysa í nýsjálensku rannsókninni (Page & Bentley, 2007).

Orsök slysa í hestatengdri ferðaþjónustu eru talin svipuð öðrum greinum ævintýraferðamennskunnar. Beeton telur hugsanleg orsök geta verið slæm veðurskilyrði, notkun búnaðar í slæmu ástandi, notaðir séu rangir hestar, starfsfólk sé án skyndihjálparréttinda eða reynsluleysi leiðsögumanna eða gesta (Beeton, 2001). Slysahættur leynast víða og gera slysin sjaldan boð á undan sér. Slys í hestatengdri ferðaþjónustu geta átt sér stað bæði á hestbaki og í almennri umgengni. Nánar tiltekið getur hesturinn sparkað, bitið, ýtt við, troðið eða traðkað niður gestinn eða hann dottið af baki hestsins (Beeton, 2001).

Líkt og komið hefur fram áður hefur orsök slysa eða slysatíðni í ævintýraferðamennsku ekki verið rannsökuð sérstaklega hér á landi eða í hestatengdri ferðaþjónustu. Þó svo hestatengd ferðaþjónusta sé stunduð víða hér á landi og rannsóknir á því sviði væru æskilegar.

2. 3 Hestatengd ferðaþjónusta á Íslandi

Hestatengd ferðaþjónusta á Íslandi hefur verið skilgreind sem lífsstílsviðskipti, þar sem að mörg fyrirtæki hafa þróast út frá áhugamáli rekstraraðila. Fyrirtækið er því rekið með því markmiði að rekstraraðilarnir geti stundað áhugamál sitt samhliða rekstri (Guðrún Helgadóttir & Ingibjörg Sigurðardóttir, 2008). Hugtakið hestatengd ferðaþjónusta má skilgreina sem hvers kyns þjónusta sem einstaklingur eða fyrirtæki veita ferðamönnum í

sambandi við hesta. Það er þá öll sú þjónusta sem tengist reiðmanninum, hestinum sjálfum, afurðum, ímynd eða hlutverki í atvinnu- og menningarsögu íslensku þjóðarinnar. Í daglegu tali um hestatengda ferðaþjónustu er þó oftast átt við fyrirtæki sem sérhæfa sig í hestaferðum, bæði styttri og lengri ferðum. Hestaleigur sérhæfa sig í styttri ferðum sem standa yfir í einn dag eða skemur. Lengri hestaferðir standa samfellt yfir í meira en sólarhring og er þá gisting innifalin (Ingibjörg Sigurðardóttir & Guðrún Helgadóttir, 2006). Hestaleigur og hestaferðafyrirtæki eru þeir þættir innan hestatengdrar ferðaþjónustu sem teknir verða fyrir og rannsakaðir í þessari ritgerð.

Talið er að fyrsti hópur erlendra ferðamanna hafi komið hingað til lands til að ferðast á hestum þegar eitthvað tók að líða á 20. öldina. Þó höfðu nokkrir Íslendingar haft það að sumarvinnu á 19. öld að leiðsegja erlendu fólki á hestum. Fyrstu skipulögðu ferðirnar voru farnar 1960 og sá Ferðaskrifstofa ríkisins um markaðsmál, þá aðallega til Þýskalands. Fyrsta hestaleigan sem stofnuð hér á landi var Hestleigan Laxnes, en hún hefur verið starfandi frá árinu 1968 (Laxnes horse farm, á.á.). Fyrsta hestaferðafyrirtækið var stofnað af Sveini Jóhannssyni frá Varmalæk. Fyrirtækið er starfandi enn þann dag í dag og kallast Hestasport, en fyrsta ferðin var farin yfir Kjöl árið 1974 (Þorgils Magnússon, fyrrum starfsmaður Hestasports, munnleg heimild, 22.maí 2011). Fjöldmörg önnur hestaferðaþjónustufyrirtæki eru starfrækt á landi, þar sem að íslenski hesturinn hefur skapað mörg atvinnutækifæri fyrir fólk með vinsældum sínum (Herdís Brynjólfsdóttir & Björn Sigurðsson, 2001).

2.3.1 Slys í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi

Hestatengd ferðaþjónusta eru engin undantekning þegar kemur að slysum í ævintýraferðamennsku eins og fram hefur komið.

Öðru hverju birtast fréttir af alvarlegum slysum tengdum hestamennsku á Íslandi. Alvarlegustu slysin sem verða eru mænuskaðaslys eða alvarlegir höfuðáverkar. Þegar fólk hlýtur slæma höfuðáverka hefur það oftast en ekki verið hjálmlaust eða hjálmurinn losnað við fallið (Árni Þórður Jónsson, 2006). Í viðtali við Þóri B. Kolbeinsson heilsugæslulækni á Hellu árið 2006 í tengslum við fund VÍS um forvarna- og öryggismál í hestamennsku segir hann frá því að átta knapar hefðu orðið fyrir mænuskaða síðustu misserin (Hestafréttir, 2006).

Í grein sem birtist í Morgunblaðinu árið 2004 eftir tvo lækna þá Magnús Pétursson og Brynjólf Mogensen eru birtar tölur sem segja til um fjölda hestatengdra slysa. Frá

árunum 1999 – 2003 heimsóttu 1022 einstaklingar bráðamóttöku Landsspítalans sökum áverka sem þeir höfðu hlotið í einhverjum tengslum við hestamennsku. Áverkanir voru af ýmsum toga en 8% þeirra eða 86 einstaklingar þurftu að dvelja á sjúkrahúsi í lengri tíma. Aðeins átta einstaklingar af þeim 1022 sem leituðu eftir lækniástoð voru atvinnumenn í hestaþróttum en allir hinir áhugamenn (Björgólfur Mogensen og Magnús Pétursson, 2004).

Á netfréttamiðlum Íslendinga má víða finna fréttir af hestatengdum slysum. Síðasta fréttin barst af hestatengdu slysi var í aprílbyrjun 2011. Þar segir frá hestamanni sem fluttur var á sjúkrahús í Reykjavík eftir að hafa fallið af hestbaki fyrir austan Hvolsvöll. Haft var eftir lögreglunni á Hvolsvelli að hesturinn hafi fælst en maðurinn mun ekki hafa slasast alvarlega (mbl.is, 2011). Hættan er til staðar og er því ljóst að öryggismál í umgengni við hesta er nauðsynleg. Engin undantekning á við í hestatengdri ferðaþjónustu þar sem tryggja þarf öryggi gesta þessa lands til að koma í veg fyrir slys.

3 Öruggt umhverfi

Þegar huga á að öryggi í ævintýraferðamennsku sama við hvaða athæfi er átt er nauðsynlegt að útbúnaður og aðstaða sé í toppstandi. Það kemur því í hlut eigenda og rekstraradila að tryggja að allir hlutir séu í lagi. Öryggi er tákni um gæði í þjónustu og er krafa um slíkt alltaf að verða meiri. Nauðsynlegt er að upplýsa gesti um hugsanlegar hættur. Gott er að gestir hafi aðgengi að rituðum upplýsingum og að leiðsögumenn fræði þá við upphaf ferðar (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007).

Grundvallaratriði öryggis í almennri umgengni við hesta er skilningur og kunnátta á hegðun þeirra og eðli (Vátryggingarfélag Íslands, á.á.). Það er ekki hægt að kenna ferðamönnum allt um atferli hesta á þeim stutta tíma sem þeir dvelja hjá ferðaðþjónustufyrirtækinu og ættu því helstu grundvallaratriði að nægja. Þekking og reynsla starfsmanna er því bráðnauðsynleg þar sem þeir þurfa að geta gripið inn í og aðstoðað ferðamanninn við þær aðstæður sem kunnátta hans nær ekki til. Stór hluti ferðamanna sem tekur þátt í hestaferðum, þá sérstaklega þeim styttri, hefur litla sem enga reynslu af hestamennsku eða útivist almennt. Þetta gerir starf ferðaðþjónustaðilans enn erfiðara og þurfa þeir því að vera öllu búnir (Beeton, 2001).

Rétt val á hestum skiptir líka sköpum þegar tryggja á öryggi gesta og ánægju þeirra. Erfitt getur verið að finna rétta hestinn sem hentar hverjum og einum. Hestar eru lifandi verur og getur dagsform þeirra verið mismunandi. Þetta veltur því allt á tilfinningu og mati starfsmanna á hæfni gestsins. Starfsmenn verða því að þekkja þá hesta sem fyrirtækið hefur til umráða mjög vel til að geta parað saman réttu gesti og hesta. Kostir hesta geta verið mismunandi en eftirsóknarvert er að þeir séu mjúkir á gangi og geðgóðir. Áríðandi er að hestarnir séu hrekklausir, traustir og lausir við alla slægð (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Oft er litið á þessa hesta sem vinnuhesta þar þeir búa yfirleitt ekki yfir jafn miklum ganghæfileikum og keppnishross eða kynbótahross. Þeir eru því oft flokkaðir sem annars flokks þar sem nánast allir geta setið þá (Guðrún Helgadóttir & Ingibjörg Sigurðardóttir, 2008). Ýmsir þættir geta spilað inn í hegðun hestsins líkt og líkamlegt ásigkomulag hestsins, andlegur leiði hans, meiðsl og fleira (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Þar er líka mikilvægt að passa upp á öryggi hestanna. Ef hesturinn er ánægður og honum líður vel eru meiri líkur á að hann framkvæmi það sem hann er beðinn um og það kemur um leið inn á öryggi gestanna. Hesti sem líður illa og lítur illa út getur haft neikvæð áhrif á gesti

fyrirtækisins, þar sem þeim er annt um hrossin og getur um leið endurspeglað ánægju gestanna með þjónustuna (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007).

3.1 Reglugerðir, lög og leyfismál

Í skýrslu sem nefnd samgönguráðherra gaf út um öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingarþjónustu árið 2004 kemur fram tillaga að reglugerð um skipulagða afþreyingu á hestum. Þar segir:

25. gr. Aðili sem skipuleggur og selur ferðir á hestum um landið getur hvorttveggja verið eigandi að hestunum og öðrum búnaði sem þarf til ferðanna eða nýtt sér undirverktöku. Aðilinn skal ætíð tryggja að allur venjulegur búnaður til hestaferða svo sem hnakkar, beisli og hjálmar séu í góðu ástandi og uppfylli nýjustu öryggiskröfur hverju sinni. Aðilar sem stunda þennan rekstur skulu hafa leyfi samkvæmt III kafla laga nr 15/1994 um dýravernd sbr. reglugerð 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni. Þeir aðilar sem bjóða upp á skemmri ferðir þ.e. frá eins til sjö klukkutíma skulu geta boðið upp á salernis og hreinlætisaðstöðu á upphafs og endastöð sem uppfyllir kröfur heilbrigðisyrvalda (Samgönguráðuneytið, 2004, 25.gr, bls. 12).

Þessi klausa er aðeins tillaga að reglugerð og er því ekki í gildi nema sem leiðbeinandi reglur. Það skal þó vera tekið fram að eftir að hross fóru að teljast sem búfé (Búfjárlög nr. 103/2002) þá átti reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni (Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004) ekki lengur við hestatengda ferðaþjónustu (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Þess í stað þurfa þeir aðilar sem reka hestaferðafyrirtæki, reiðskóla eða hestaleigu að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar eða heilbrigðiseftirlits hjá viðkomandi sveitafélagi. Leyfið sem fyrirtækin þurfa snýr að hollustuháttum og mengunarvörnum (Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum nr. 758/1999). Leyfið byggir einnig á reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2004. Eftir að hafa sótt um leyfið þarf starfsmaður frá heilbrigðisnefnd eða eftirliti að koma og gera úttekt á staðnum til að fá það samþykkt (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007).

Hestaferðaþjónustu fyrirtæki þarf einnig starfsleyfi frá Ferðamálastofu. Hestaferðafyrirtæki þurfa samkvæmt lögum starfsleyfi ferðaskrifstofu þar sem ferðir þeirra

vara í 24 tíma eða lengur og hestaleigur starfsleyfi ferðaskipuleggjenda (Lög um skipan ferðamála nr. 73/2005). Öll hestatengd ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að hafa tilskilin leyfi til að geta haldið úti starfsemi. Sótt er um þessi leyfi til Ferðamálastofu sem síðan heldur úti skrá um slík gildandi leyfi (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Flokkun leyfisveitinga hjá Ferðamálastofu er ekki ítarleg, heldur fellur allt annað hvort undir leyfi ferðaskipuleggjenda eða ferðaskrifstofa (Ferðamálastofa, á.á.a; Ferðamálastofa, á.á.b). Samkvæmt heimasíðunni Visit Iceland, sem er á vegum Ferðamálastofu, eru 65 hestatengd ferðaþjónustufyrirtæki hér á landi. Þar hafa verið tekin saman öll þau hestatengdu ferðaþjónustufyrirtæki sem starfrækt eru á landinu og hafa tilskilin öll leyfi frá Ferðamálastofu (Visit Iceland, á.á.a; Visit Iceland, á.á.b).

3.2 Tryggingar

Tryggingar eru stór hluti af öryggismálum ferðaþjónustufyrirtækja. Aldrei er hægt að koma algerlega veg fyrir slys þó draga megi úr þeim. Ferðamenn eru orðnir meðvitaðri um réttindi sín og vitja þeirra ef þeir ef þeir telja að eitthvað hafi verið brotið gegn þeim. Vönduð vinnubrögð og réttar tryggingar skipta því miklu máli (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Misjafnt er hvaða tryggingar hestaferðaþjónustufyrirtæki hafa en nauðsynlegt er að hafa lögboðnar tryggingar til að geta haldið úti starfsemi.

Lögum samkvæmt ber öllum að ábyrgðartryggja öll skráningarskyld ökutæki og að brunatryggja allar húseignir. Bifreiðatryggingar eiga allaf við í þessu starfsumhverfi en rekstraraðilum fyrirtækisins ber skylda að brunatryggja hús t.d. hesthús (Vátryggingafélag Íslands, 2011a). Misjafnt er hversu mikla áherslu eigendur hestaferðaþjónustufyrirtækja leggja á tryggingar og fara því ólíkar leiðir þegar tryggja á fyrirtækið/reksturinn aukalega. Þar sem engin lög kveða á um að fyrirtækið þurfi að tryggja fyrirtækið aukalega má búast við því að ekki séu öll fyrirtæki sem nýta sér þann kost, m.a. vegna þess að tryggingagjöld geta verið kostnaðarsöm. Það gæti hins vegar marg borgað sig (Jóhann Albertsson, ferðaþjónustubóndi, munnleg heimild, 20. maí 2011).

Þær tryggingar sem taldar eru æskilegar fyrir hestaferðaþjónustufyrirtæki eru m.a. ábyrgðartrygging rekstrar, slysatrygging launþega, lausafjártrygging og trygging á hrossum (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007; VÍS, 2011a).

- *Ábyrgðartrygging rekstrar* felur í sér tryggingu gagnvart þriðja aðila, bæði beinu líkams- eða munatjóni (VÍS, 2011b).

- *Slysatrygging launþega* er þannig háttað að fyrirtæki tryggi starfsmenn sína fyrir slysum sem verða á leið til eða frá vinnu eða í vinnu. Samkvæmt mörgum kjarasamningum eru vinnuveitendur skyldugir til að veita slíkar tryggingar (VÍS, 2011c).
- *Lausafjártrygging* veitir fyrirtækjum tryggingu á lausafjármunum. Það tryggir lausafjármuni líkt og reiðtygi, fóður og hesta fyrir bruna, vatni, þjófnaði og óveðri (VÍS, 2011d).
- *Trygging á hrossum* er mismunandi eftir tryggingarfélögum og hestum. Lausafjártryggingin nær sem brunatrygging á hross og hentar vel ef hver og einn hestur er ekki mjög verðmikill. Ef eigendur kjósa er hægt að t.d. hægt að sækjast eftir tryggingu sem hross geta valdið þriðja aðila (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Það skal samt tekið fram að framboð trygginga breytist ört og er því nauðsynlegt að fylgjast vel með á þeim vettvangi.

3.3 Öryggisbúnaður og fatnaður

Mikið af öryggisbúnaði og fatnaði er til sem á að verja knapa og hestamenn fyrir hugsanlegum slysum. Öryggisbúnaður er ætlaður öllum sem stunda hestamennsku, hvort sem um ræði reynslumikið fagfólk, áhugamenn eða ferðamenn (Vátryggingafélag Íslands, á.á.). Eftirfarandi öryggisbúnaður og fatnaður telst sem lágmarksöryggisbúnaður:

- Reiðhjálmur veitir vörn gegn höfuðáverkum. Höfuðáverkar af alvarlegra tagi geta verið óafturkræfir og haft varanleg áhrif. Hjálmurinn verndar stjórnstöð líkamans, heilann. Notkun reiðhjálma fellur undir reglugerð nr. 635/1999 um notkun persónuhlífa. Gestir hestaferðafyrirtækja og hestaleiga skulu alltaf bera hjálm til að auka eigið öryggi og þess fyrirtækis sem á í hlut. Hætta er á ef að gestur noti ekki hjálm geta tryggingar ekki verið taldar gildar. Hafa skal í huga að bilaðir reiðhjálmar gera ekki sama gagn eða hjálmur sem ekki passar knapa. Endurnýja skal hjálma á fimm ára fresti og eftir hvert högg sem hjálmur hlýtur eftir óhapp. CE merking inn í hjálmum er trygging um uppfylltar lágmarkskröfur um öryggi ásamt staðalnúmerinu EN1384 sem sýnir að þetta er í raun reiðhjálmur (Vátryggingafélag Íslands, á.á.; Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007).
- Öryggisvesti eru yfirleitt ekki í almennri eign hestamanna eða hestatengdra ferðaþjónustufyrirtækja. Öryggisvesti eiga að verja brjóstkassa og bak fyrir áverkum sem kunna að hljóttast ef knapi fellur af baki. Vestid á að draga úr áhrifum

höggins með því að dreifa þrýstingnum. Vestíð á að minnka líkur á mænuskaðaslysum, rifbeinsbrotum, viðbeinsbrotum og fleira. Erlendis er víða börnum undir 14 ára aldri skyldugt að vera í öryggisvesti við iðkun hestaíþróttar (Vátryggingafélag Íslands, á.á.).

- Reiðtygi og öryggisstöð. Mikilvægt er að yfirfara öll reiðtygi reglulega til að laga biluð reiðtygi og taka ónýt úr umferð. Biluð eða ónýt reiðtygi geta valdið slysum ef þau slitna í reið eða valda hestinum/knapanum óþægindum (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2007). Öryggisstöð eru sérstaklega hönnuð til þess að koma í veg fyrir að reiðmaðurinn festi fót sinn í ístaði við fall og dragist eftir hestinum. Mismunandi gerðir öryggisístaða eru til (Vátryggingafélag, á.á.).
- Annar búnaður: endurskinsmerki, reiðskór og hanskar.

4 Gögn og aðferðir

Notaðar voru meginlegar rannsóknaraðferðir í þessari rannsókn. Meginlegar rannsóknir byggja á tölfræðilegri greiningu gagna sem hægt er að afla með hinum ýmsu aðferðum. Almenn markmið meginlegra rannsókna er m.a. að ná fram staðreyndum, lýsa vandamálum og kanna viðhorf til ákveðinna þátta (Burns & Bush, 2010). Ástæða fyrir valinu var að meginlegar aðferðir þóttu geta gefið góðan þverskurð á efnið, þar sem þátttakendur rannsóknarinnar voru fleiri heldur en ef um eigindlega rannsókn hefði verið að ræða. Rannsóknin var gerð til að safna upplýsingum um öryggismál og mæla viðhorf forsvarsmanna hestatengdra hestaferðaðþjónustufyrirtækja gangvart öryggismálum í hestatengdri ferðaðþjónustu á Íslandi. Tölulegar staðreyndir eru því tilvaldar.

Ýmsar aðferðir eru til að safna upplýsingum með meginlegum aðferðum. Þar má helst nefna símakannanir, internetkannanir eða póstkannanir. Kannanir þessar eiga þó allar það sameiginlegt að innihalda talningar, oftast í stöðluðu formi (Burns & Bush, 2010). Í þessari rannsókn var notast við internetkönnun. Könnunin var send með tölvupósti á öll skráð hestatengd ferðaðþjónustufyrirtæki á landinu. Samkvæmt heimasíðunni Visit Iceland þá eru 65 hestaferðaðþjónustufyrirtæki á Íslandi, að meðtöldum ferðaskrifstofum sem selja hestaferðir fyrir önnur fyrirtæki ásamt fyrirtækjum sem gera eingöngu út á hestasýningar (Visit Iceland, á.á.a). Út frá þeim upplýsingum var þýðislisti unninn og spurningarkönnunin send á öll þau fyrirtæki sem gera sjálf út hestaferðir bæði langar og stuttar, en ekki á ferðaskrifstofur eða hestasýningafyrirtæki. Einhverjir forsvarsmenn fyrirtækja höfðu verið vitlaust skráðir inn á Visit Iceland og svöruðu um leið að þeir byðu ekki upp á slíka þjónustu. Allir þeir aðilar áttu það sameiginlegt að hafa hætt með þjónustuna. Samtals var internetkönnunin send á 51 hestaferðaðþjónustufyrirtæki og er það ekki að meðtöldum fyrirtækjum sem höfðu hætt starfsemi. Það skal tekið fram að könnunin var nafnlaus svo ekki er hægt að rekja niðurstöður til einstaka fyrirtækja. Gengið var út frá því að hvert fyrirtæki myndi aðeins svara einu sinni.

Spurningakönnunin samanstóð af 35 spurningum sem sneri ýmist beint að fyrirtæki viðkomandi eða viðhorfi hans og skoðunum á öryggismálum í hestatengdri ferðaðþjónustu. Spurningarnar voru ýmist staðlaðar eða hálf staðlaðar. Spurningarnar voru samdar með fræðilega hluta verkefnisins til hliðsjónar, þar má m.a. nefna mynd 3 (Page o.fl., 2003) sem sýnir helstu orsök slysa í ævintýraferðamennsku. Könnunin var sett upp í netforritið Free Online Surveys sem er ókeypis og hefur þægilegt viðmót. Könnunin var send út til þátttakenda þann 15.apríl 2011 og þátttaka ítrekuð 10 dögum seinna eða þann 25.apríl 2011. Spurningakönnuninni svöruðu 20 forsvarsmenn fyrirtækja og reiknast það sem

39,2% svörun, en lagt var upp með áður en könnunin var send út að fá ekki minni svörun en 30%.

4.1 Greining gagna og úrvinnsla

Tölfræðiforritið SPSS var notað við úrvinnslu gagna. SPSS býður upp á marga möguleika og er hentug leið til að bera saman spurningar. Netforritið Free Online Survey birtir niðursöður myndrænt ásamt því að gefa þann möguleika að hlaða þeim niður sem Excelskjali. Frá Excelskjalinu voru síðan niðurstöðurnar færðar inn í SPSS. Við þær spurningar sem þátttakendur svöruðu ekki var merkt inn 999 í stað svars. Þetta var gert til að reyna að koma í veg fyrir skekkju í niðurstöðum með því að útiloka auð svör.

Þar sem nokkrar spurningarnar voru hálf staðlaðar urðu þátttakendur að svara með eigin orðum, þær spurningar voru ekki skráðar í SPSS. Höfundur tók þau svör saman og flokkaði. Lang flest þessarra svara voru keimlík eða eins, sem gaf höfundi betri heildarsýn yfir útkomu spurningarinnar. Þar sem aðeins voru 20 svör við spurningakönnunni var auðvelt að beita þannig vinnubrögðum og bera niðurstöður saman.

Niðurstöður voru síðan túlkaðar bæði í máli og myndum. Niðurstöður er túlkaðar á mismunandi hátt en þar má helst nefna: meðaltal, hæsta gildi, lægsta gildi, súlurit, skífurit og tíðnitöflur.

4.2 Hugsanleg vandamál

Þegar rannsókn sem þessi er unnin er ekki hægt að útiloka öll vandamál því alltaf getur eitthvað komið upp sem getur haft áhrif á niðurstöður. Með því að gera grein fyrir þeim vandamálum sem kunna að koma upp er hægt að draga úr þeim og jafnvel koma í veg fyrir þau. Ef öryggismálum er ekki sinnt nógu vel gæti þátttakandi farið að fegra sannleikann til að koma betur út úr könnuninni. Öryggismál geta verið viðkvæmt málefni og þarf því að gæta nafnleyndar til að ekki sé hægt að rekja niðurstöður beint til þátttakenda. Vandamál geta því skapast ef þátttakandi segir ekki rétt frá. Niðurstöður verða ekki réttmætar og geta því gefið upp ranga mynd af stöðu mála. Réttmæti skiptir máli svo hægt sé að taka mark á niðurstöðum og jafnvel nýta til áframhaldandi rannsókna.

Vandamál getur einnig komið upp ef ekki næst nægileg svörun við spurningakönnuninni. Ef ekki næst nægileg svörun teljast niðurstöður ekki réttmætar.

Einnig getur komið upp sú staða að þátttakendur misskilji spurningar könnunarinnar og svari því á rangan hátt. Það getur haft veruleg áhrif á niðurstöður og réttmæti þeirra. Þess vegna skal vanda vel uppsetningu spurninga og málfar.

5 Niðurstöður

Þeir sem svöruðu spurningakönnuninni voru látnir skilgreina starfsheiti sitt innan viðkomandi fyrirtækis. Spurningin var hálfstöðluð þannig að þátttakendur þurftu að svara því í eigin orðum. Niðurstöður voru mjög keimlíkar líkt og sést í töflu 1. Þar hafa svör verið dregin saman þar sem mörg svör voru eins eða mjög lík. Flestir þátttakendur titluðu sig sem framkvæmdastjóra eða alls átta manns, sex titluðu sig sem eigendur en aðrir titlar komu aðeins einu sinni fyrir. Eins og sjá má í töflunni þá benda þeir titlar sem taldir voru upp til þess að í flestum tilfellum hafa einstaklingar sem eru hátt settir innan fyrirtækja svarað spurningakönnuninni.

Tafla 1 Tíðni starfsheita innan fyrirtækja


Þau starfsheiti sem komu upp:	Tíðni
Framkvæmdarstjóri	8
Eigandi	6
Sölustjóri	1
Yfirmaður	1
Stjórnandi	1
Ferðaþjónustubóndi	1
Bóndi og reiðkennari	1
Stjórnarformaður	1
Alls:	20

5.1 Bakgrunnur fyrirtækja

Nauðsynlegt er að spyrjast fyrir um bakgrunn fyrirtækja til að geta fengið skilvirkari svör um öryggismál fyrirtækisins. Bakgrunnur fyrirtækja getur verið m.a. upphafsár starfssemi, mismunandi þjónustuframboð eða heildargestafjöldi viðkomandi fyrirtækis. Þessar upplýsingar geta verið mikilvægar þegar unnið er úr niðurstöðum. Hægt er að nota þær til samanburðar við aðra þætti niðurstaðna. Til að geta lagt mat á öryggisaðstæður þurfa bakgrunnsupplýsingar fyrirtækisins að liggja fyrir.

Upphafsár starfssemi fyrirtækja var meðal spurninga í könnuninni. Meðal upphafsár starfssemi fyrirtækis var 1993. Lægsta gildi var 1968 og það hæsta 2011.

Mismunandi er hvort hestaferðaþjónustufyrirtæki bjóði upp á stuttar eða langar ferðir. Í sumum tilfellum er boðið upp á hvoru tveggja. Mynd 4 sýnir fjölda fyrirtækja sem bjóða langar og stuttar hestaferðir.



Mynd 4 Mismunandi gerðir þjónustu meðal hestaferðaþjónustufyrirtækja


Eins og sést á mynd 4 þá bjóða flest fyrirtæki sem svöruðu könnunni upp á bæði langar og stuttar hestaferðir eða alls 13 talsins. Fleiri fyrirtæki bjóða eingöngu upp á stuttar hestaferðir eða alls fjögur fyrirtæki. Aðeins voru það þrjú fyrirtæki sem buðu einungis upp á langar hestaferðir.

Heildargestafjöldi var meðal spurninga í könnuninni, þar sem bæði var spurt eftir heildargestafjölda í stuttar hestaferðir sem og langar. Aðeins tveir þátttakendur gátu ekki gefið upp heildarfjölda í stuttar hestaferðir en einn þátttakandi í lengri ferðir. Þá voru það þrjú fyrirtæki sem ekki gáfu upp heildarfjölda styttri ferða þar sem fyrirtækin bjóða ekki upp á styttri ferðir. Fjögur fyrirtæki gáfu ekki upp heildarfjölda í lengri ferðunum af sömu ástæðu. Mesti fjöldinn í stuttu ferðunum var 20.000 gestir en minnst 20. Flestir gestir í löngu ferðunum voru 2000 talsins en 20 minnst. Þetta sýnir að starfsemi fyrirtækjanna sem tóku þátt í könnunni er misumfangsmikil og í öllum stærðarflokkum.

Þátttakendur voru beðnir um að gefa upp fjölda starfsmanna hjá fyrirtæki bæði yfir sumar- (júní-ágúst) og vetrartíma (september-maí). Meðalfjöldi starfsmanna yfir sumartíma var 8,95 en 3,45 yfir vetrartíma. Sjáanlegur munur er á milli sumar- og vetrartíma meðal allra fyrirtækjanna. Hjá því fyrirtæki sem var með flesta starfsmenn yfir sumartímamann, eða 45 starfsmenn, eru eingöngu 18 starfsmenn yfir veturinn. Tvö fyrirtæki eru ekki með neina starfsemi yfir veturinn. Greinilegt er að starfsemi hestatengdra

ferðaþjónustufyrirtækja er tímabilsskipt og er háannatími þeirra greinilega yfir sumarmánuði.

Þátttakendur voru beðnir að áætla meðalaldur starfsmanna sinna bæði í lengri og styttri ferðum. Eins og sést á mynd 5 áætluðu flestir þátttakendur könnunarinnar í styttri ferðum að meðalaldur starfsmanna væri á bilinu 21-25 ára (35%) en fæstir á aldursbilinu 16-20 ára (5%) og 41-45 ára (5%). Í lengri ferðum áætluðu flestir að meðalaldur starfsmanna væri eldri en 50 ára en fæstir á aldursbilinu 41-45 ára (5%). Athugavert er að sjá að meðalaldur starfsfólks er talsvert lægri í stuttu ferðum en í löngu ferðum. Aldursbilið 41-45 ára skorar mjög lágt í bæði styttri og lengri ferðum.




Mynd 5 Samanburður á aldursdreifingu starfsmanna í stuttum og löngum hestaferðum

5.2 Öryggismál fyrirtækja

Þátttakendur voru spurðir út í ýmsa þætti sem snúa að öryggismálum hjá viðkomandi fyrirtæki. Skyndihjálparéttindi voru meðal þeirra þátta. Hjá þeim 20 fyrirtækjum sem svöruðu könnuninni voru 127 starfsmenn með skyndihjálparéttindi af 179. Meðalfjöldi starfsmanna á fyrirtæki með skyndihjálparéttindi var 6,35, minnst var enginn með skyndihjálparéttindi og mest voru 40 starfsmenn með skyndihjálparéttindi. Aðeins þrjú fyrirtæki (15%) eru ekki með starfsmann með skyndihjálparéttindi. Samkvæmt niðurstöðum um heildarfjölda starfsmanna yfir sumartíma eru 70,9% allra starfsmanna með skyndihjálparéttindi. Mynd 6 sýnir hlutfall milli fjölda starfsmanna yfir sumartíma og

fjölda starfsmanna með skyndihjálparréttindi miðað við hvern þátttakenda. Rauði liturinn táknar fjölda starfsmanna með skyndihjálparréttindi en blái liturinn heildarfjölda starfsmanna í hverju fyrirtæki. Ef horft er á þátttakenda númer 20 má sjá að í hans fyrirtæki eru 45 starfsmenn og þar af 40 með skyndihjálparréttindi.



Mynd 6 Hlutfall milli heildarfjölda starfsmanna og fjölda starfsmanna með skyndihjálparéttindi hjá hverjum svaranda


Kannað var meðal hestapjónustufyrirtækjanna hvort farið væri yfir undirstöðuatriði sem varða öryggi í hestamennsku og/eða reiðmennsku með ferðamönnum áður en lagt væri af stað. Útkoman var sú að allir þátttakendur fara yfir þau atriði áður en lagt er af stað, hvort sem um langa eða stutta ferð sé að ræða.

Neysla áfengis meðal gesta og starfsmanna var meðal spurningaefnis könnunarinnar. Hjá flestum fyrirtækjum var áfengisneysla bönnuð almennt eða alls meðal 60% fyrirtækja, 20% fyrirtækja setja reglur sem banna aðeins áfengisneyslu gesta, 15% fyrirtækja hafa aldrei sett fram reglur varðandi áfengisnotkun en aðeins 5% leyfa áfengisneyslu.

5.2.1 Notkun öryggisbúnaðar og eftirlit

Spurt var um ýmsan öryggisbúnað hjá fyrirtækjunum. Niðurstöður sýndu fram á að hjálmaskylda ríkir hjá öllum fyrirtækjunum, bæði meðal gesta og starfsmanna. Annað má segja um öryggisvesti og öryggisístöð. Aðeins 5% fyrirtækja lána öryggisvesti til gesta sinna og þá eingöngu fyrir börn. Lang flest fyrirtæki bjóða upp á hnakka með öryggisístöðum eða 60%, 20% eiga ekki öryggisístöð, 15% eru eingöngu með þannig ístöð fyrir börn undir 12 ára aldri en 5% nota þau eingöngu fyrir byrjendur.

Misjafnt er hversu oft reiðtygi, hjálmar, öryggisvesti eða annar búnaður sem viðkemur hestatengdri ferðaþjónustu er yfirfarinn og/eða endurnýjaður hjá fyrirtækjum. Eins og mynd 7 sýnir þá yfirfara og/eða endurnýja flest fyrirtæki reiðtygi og öryggisbúnað sinn einu sinni á ári. Enginn af þátttakendum yfirfer og/eða endurnýjar reiðtygi og öryggisbúnað með lengra millibili en annað hvert ár.



Mynd 7 Yfirferð og/eða endurnýjun reiðtygja, hjálma, öryggisvesta eða annars búnaðar sem viðkemur hestaferðaþjónustu

5.3 Slys

Ekki var spurst fyrir um tíðni slysa heldur hversu oft hafi þurft að fara með gest undir læknishendur eftir slys í hestaferðum hjá viðkomandi fyrirtæki. Flestir höfðu þurft að fara með gest 1-3 sinnum til læknis eða 40%, 30% fyrirtækja höfðu aldrei þurft að fara með

gest undir læknishendur, 25% höfðu farið 6 sinnum eða oftar en lægst hlutfall var 3-5 sinnum eða 5%.

Líkt og kom fram hér að ofan er mislangt síðan fyrirtækin hófu rekstur og getur það haft áhrif á hversu oft hefur þurft að fara með gest undir læknishendur eftir slys. Tafla 2 ber saman upphafsár reksturs fyrirtækja, tengund þjónustu (stuttar ferðir, langar ferðir eða bæði) og tíðni þess að gestir hafi þurft að fara undir læknishendur eftir hestaferðir hjá viðkomandi fyrirtæki.

Tafla 2 Samanburður upphafsárs starfsemi fyrirtækis, þjónustu sem það býður upp á (stuttar hestaferðir, langar hestaferðir eða bæði) og tíðni læknisheimsóknna gesta eftir hestaslys.

Upphafsár starfsemi	Tegund þjónustu	Tíðni
1968	bæði	6 +
1974	bæði	1 - 3
1979	langar	6 +
1980	langar	1 - 3
1982	stuttar	6 +
1985	bæði	6 +
1985	bæði	1 - 3
1986	bæði	1 - 3
1989	bæði	6 +
1990	bæði	1 - 3
1997	bæði	1 - 3
1999	bæði	0
1999	stuttar	0
2000	bæði	3 - 4
2003	bæði	1 - 3
2006	bæði	1 - 3
2009	bæði	0
2010	stuttar	0
2010	langar	0
2011	langar	0

Líkt og tafla 2 gefur til kynna er lítil fylgni milli tíðni læknisheimsóknna gesta og tegund þjónustu, ekki skiptir máli hvort um styttri eða lengri ferðir sé að ræða eða bæði. Hægt er að lesa út úr töflunni að hærri tíðni læknisheimsóknna er þó hjá þeim fyrirtækjum sem hafa verið lengur með starfsemi. Ekkert fyrirtæki sem hóf starfsemi 2003 eða síðar hefur þurft að færa gest undir læknishendur eftir hestaslys og engin slys hafa orðið hjá fyrirtækjum sem hófu starfsemi sína 2009 eða síðar. Starfsaldur fyrirtækja spilar því stóran þátt í tíðni læknisheimsóknna gesta eftir hestaslys.

Ekki var hægt að spyrja þátttakendur nákvæmlega hvað veldur slysum en reynt var að fá fram hvað þeir teldu vera helstu orsök slysa í hestatengdri ferðaþjónustu. Mynd 8 sýnir mat þátttakenda á orsökum hestaslysa í ferðaþjónustu. Gefin voru upp níu atriði sem geta valdið slysum. Þátttakendur áttu síðan að gefa atriðunum stig frá 1 upp í 9. Það atriði sem þeir töldu vera helstu orsök slysa gæfu þeir 9 stig og svo alveg niður í 1 stig. Það skal tekið fram að þessi 9 atriði voru unnin út frá mynd 3 (*Page o.fl., 2003*). Myndin sýnir hvað hver þáttur skoraði hátt að meðaltali í könnuninni.



Mynd 8 Helsta orsök slysa að mati forsvarsmanna í hestatengdri ferðaþjónustu (meðaltal)

Þau 9 atriði sem gefin voru upp sem valmöguleikar í könnuninni sem orsök slysa:

- Samskiptaörðuleikar ferðamanns og starfsmanna
- Vanmat á getu ferðamanns/rangur hestur valinn
- Glæfraskapur
- Líkamlegt ásigkomulag/líkamleg geta ferðamannsins
- Öryggisbúnaður ekki notaður (hjálmur, öryggisvesti eða annar öryggisbúnaður),
- Öryggisbúnaður passar ekki ferðamanni (of stór/lítill)

- Búnaður bilaður eða gamall
- Slæm veðurskilyrði
- Ófyrirséð viðbrögð/hestsins.

Það skal tekið fram að þær tölur sem birtast í mynd 8 miðast við meðaltal á stigaskori atriðanna, hæsta skorið telst þá sem helsta orsök slysa að mati þátttakenda. Ófyrirséð viðbrögð/hegðun hestsins skoraði hæst í þessari könnun eða með 7,70 stig að meðaltali. Líkamlegt ásigkomulag eða líkamleg geta ferðamannsins skoraði næstmest sem helsta orsök slysa með 6,60 stig. Rétt á eftir kemur síðan vanmat á getu ferðamannsins eða rangur hestur valinn með 6,50 stig. Lægst skora síðan öryggisbúnaður ekki notaður (4,40 stig), samskiptaörðugleikar ferðamanns og starfsmanns (4,20 stig) og öryggisbúnaður passar ekki (3,90 stig).

5.4 Tryggingar


Öll þau fyrirtæki sem tóku þátt í könnunni hafa þær skyldutryggingar sem settar eru sem skilyrði til að reka hestatengt ferðaþjónustufyrirtæki. Misjafnt er hjá hvaða tryggingarfélagi fyrirtækin eru hjá. Flest fyrirtækin eru hjá VÍS eða 65% allra þátttakendanna, 10% fyrirtækja eru hjá Verði, 10% hjá Sjóvá, 5 % hjá Tryggingarmiðstöðinni og 10% hjá öðrum tryggingarfélögum. Þegar spurt var um viðbótatryggingar sem ekki eru skyldugar þá svöruðu 75% játandi en 25% neitandi. Þegar þátttakendur voru beðnir að tilgreina hvaða tryggingar þeir hefðu áttu þeir að svara með eigin orðum. Tafla 3 sýnir svör þátttakenda.

Tafla 3 Svör þátttakenda við spurningu um viðbótatryggingar.

Tegund viðbótatrygginga	Tryggingarfélag
Slysa og tjónatrygging	Sjóvá
Slysatrygging starfsmanna og einnig gesta ef útbúnaður er ekki í lagi	VÍS
Bændatrygging	Sjóvá
Slysatrygging	VÍS
Ábyrgðartrygging og starfsmannatrygging	VÍS
Alferðatryggingar, rekstrarstöðvunartrygging	VÍS
Bændatrygging, starfsmannatrygging og trygging gagnvart 3ja aðila	VÍS
Slysatrygging, reiðtyggjatrygging og tanningatrygging	VÍS
Brunatrygging	VÍS
Starfsmannatrygging og dýrustu hrossin tryggð sérstaklega	VÍS
Slysatrygging starfsmanna	VÍS
Starfsmannatryggingar	TM
Búnaður tryggður ásamt öðru lausafé fyrir bruna, vatnstjóni, innbrotum o.þ.h.	Annað
Slysatrygging starfsmanna	VÍS

Í töflu 3 sést að flestir eru með starfsmannatryggingu til viðbótar við aðrar tryggingar. Bæði er dýrt og erfitt að tryggja gesti hestaferðaþjónustu þó sumar tryggingar nái yfir gesti ef öryggisbúnaður sé ekki í lagi. Þess vegna hafa sum fyrirtæki brugðið á þá ráð að láta gesti skrifa undir yfirlýsingu að þeir séu á eigin ábyrgð. Aðeins 30% þátttakenda láta gesti sína skrifa undir slíka yfirlýsingu áður en lagt er af stað en 70% ekki. Ef borið er saman hvernig ferðir fyrirtæki bjóða upp á og notkun ábyrgðaryfirlýsingar gesta þá sést líkt og á mynd 9 að flest fyrirtæki (5) sem bjóða upp á bæði langar og stuttar hestaferðir láta gesti sína skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu. Þau fyrirtæki sem sérhæfa sig í stuttum ferðum láta engan skrifa undir slíka yfirlýsingu á meðan eitt fyrirtæki með langar ferðir lætur gesti sína skrifa undir.

Ábyrgðaryfirlýsing gesta miðað við lengd ferða



Mynd 9 Fjöldi fyrirækja sem lætur gesti fylla út ábyrgðaryfirlýsingu miðað við lengd hestaferða

Þegar spurt var hvort að fyrirtæki myndi skrá óhöpp sem verða sérstaklega og láta gesti skrifa undir til að koma í veg fyrir lögsókn og óþarfa miskilning kom það í ljós að aðeins 30 % fyrirtækja gera slíkt, 65 % aldrei en 5% stundum.


5.5 Viðhorf til öryggismála á Íslandi

Síðasti liður spurningakönnunarinnar var viðhorf forsvarsmanna hestaferðaþjónustufyrirtækjanna gagnvart öryggismálum í hestaferðaþjónustu á Íslandi. Allir þátttakendur voru sammála því að hjálmaskylda meðal ferðamanna í hestaferðum væri nauðsynleg. Þá voru 95% sammála því að hjálmaskylda meðal starfsmanna í hestaferðum væri nauðsynleg en 5% hlutlaus. Lang flestir eða 95% þátttakenda voru sammála því að mjög nauðsynlegt væri að fara yfir undirstöðuatriði reiðmennsku með gestum áður en lagt væri af stað en 5% hlutlausir.

Mynd 10 endurspeglar viðhorf fyrirtækja gagnvart öryggismálum á Íslandi. Aðeins 25% þátttakenda voru sammála því að öryggismálum hjá hestaferðaþjónustufyrirtækjum væri almennt vel sinnt á Íslandi, 55% voru hlutlausir í þeim málum en 20% ósammála.

Öryggismálum hjá hestaferðþjónustufyrirtækjum er almennt vel sinnt á Íslandi.

■ sammála ■ hlutlaus ■ ósammála



Mynd 10 Viðhorf forsvarsmanna hestaferðþjónustufyrirtækja gagnvart öryggismálum á Íslandi

Síðasta viðhorfstengda spurningin í spurningakönnuninni sneri að öryggismálum og ímynd hestatengdrar ferðþjónustu á Íslandi. Flestir voru sammála því að ef öryggismálum sé ekki sinnt nógu vel geti það haft áhrif á ímynd hestatengdrar ferðþjónustu á Íslandi eða 85%, 15% var hlutlaus í þeim málum en enginn var ósammála.

6 Umræður og ályktanir

Velt hefur verið upp þeirri spurningu hvort að hestatengd ferðaþjónusta teljist undir ævintýraferðamennsku. Líkt og skilgreiningar ævintýraferðamennsku gefa til kynna þá telst hún sem hreyfingar- og hasartengt tómsundagaman sem iðkað er að mestu utandyra. Fólki sem stundar slík athæfi sækist eftir spennu og hættu ásamt því að vilja upplifa eitthvað nýtt og framandi. Alla þessa þætti upplifir fólk á mismunandi hátt og fer það algjörlega eftir persónuleika og fyrri reynslu. Manneskju, sem hefur alist upp í kringum hesta allt sitt líf, þykir eflaust ekkert spennandi að fara í útreiðartúr í hestaleigu á rólegum hesti þar sem ekki er farið mikið hraðar en fetgangur. Borgarbúi sem alist hefur upp í stórborg allt sitt líf gæti hins vegar þótt slík ferð einstök upplifun og ævintýri, þar sem hann er algerlega óvanur aðstæðum. Geta og kunnátta fólks er mismunandi sem gerir upplifun fólks þar af leiðandi ólíka.

Í daglegu tali um hestatengda ferðaþjónustu er oft sett samasemmerki á milli hestaferðafyrirtækja og hestaleiga og hestatengdrar ferðaþjónustu almennt. Augljóst er að ferðir hestaleiga og hestaferðafyrirtækja eiga sér stað utandyra líkt og flest athæfi innan ævintýraferðamenskunnar. Ferðirnar eru farnar til skemmtunar og geta vakið upp spennu hjá reiðmanninum þar sem hesturinn getur hlaupið mjög hratt. Spenna getur einnig skapast af því að hesturinn á það til að vera hálfóútreiknanlegur þar sem hann er lifandi vera og hefur sjálfstæðan vilja. Landslagið spilar einnig stóran þátt, þar sem að margbreytileiki þess getur boðið upp á spennu og hættur, t.d. í ám, á fjallvegum og mýrlendi. Þannig er hægt að rökstyðja að hestaferðir með hestaleigum eða hestaferðafyrirtækjum teljist til ævintýraferðamennsku. Ekki er hægt að alhæfa að öll hestatengd ferðaþjónusta á Íslandi geti flokkast undir ævintýraferðamennsku. Hestasýningar og heimsóknir á hestasöfn þar sem ferðamaðurinn er aðeins áhorfandi getur ekki talist til ævintýraferðamennsku, þar sem athæfið er ekki adrenalínskapandi eða áhættusamt. Á mörgum sveitabæjum býðst ferðamönnum sá kostur að fylgjast með sveitastörfum ásamt því klappa og skoða kindur, kýr, hænur, hesta o.fl. gegn lágu gjaldi. Þar má nefna sem dæmi verkefnið Opinn landbúnaður (Bændasamtök Íslands, á.á.). Heimsóknir sem þessar flokkast ekki undir ævintýraferðamennsku þó svo hestar komi við sögu heldur frekar sem landbúnaðarferðamennska.

Hestatengd ferðaþjónusta, þá ferðir með hestaleigum og hestaferðafyrirtækjum, flokkast undir léttu ævintýraferðamennsku og telur höfundur þá flokkun eingöngu falla yfir

ferðir með hestaleigum. Þó svo að þær ferðir falli undir „léttu“ hlið ævintýraferðamenskunnar þá eru þær ekkert endilega auðveldar eða hættulausar. Hætturnar eru enn fyrir hendi og þarf því að skipuleggja alla þætti vel og samskipti að vera í góðu lagi. Gestir eiga það til að mæta illa búnir og eru almennt reynslulitlir sem gerir starf leiðsögumannsins erfiðara og ábyrgðarmeira. Þetta á þó í flestum tilfellum eingöngu við gesti hestaleiga frekar en gesti hestaferðafyrirtækja. Líkt og niðurstöður spurningakönnunarinnar gefa til kynna þá ríkir almennt hjálmaskylda meðal fyrirtækja og telst það mjög jákvætt. Gera má ráð fyrir því að fyrirtæki skaffi gestum sínum hjálma og reiðtygi þar sem ferðamenn koma oft langt að. Með því að hafa öryggisþátt sem þennan í góðu lagi auðveldar það um leið starf leiðsögumannsins sem og starfsemi fyrirtækisins. Þó svo að lengri hestaferðir séu líka flokkaðar undir léttu ævintýraferðamennsku telur höfundur að lengri ferðirnar gætu jafnvel flokkast undir erfiðari hlið ævintýraferðamenskunnar. Ferðamaðurinn dvelur oft á tíðum upp á hálendi langt frá byggð nokkra daga í senn og ferðast yfir alls kyns undirlag s.s. ár, mýrar, stórgrýti og fl. sem reynir á kunnáttu og hæfni ferðamannsins sem knapa. Í ferðum sem þessum er því nauðsynlegt að hafa reynslu af útreiðum og hestamennsku almennt.

Ekki fundust skráð banaslys í hestatengdri ferðaþjónustu á Íslandi við gerð þessarar ritgerðar eða tölur um alvarleg slys. Fréttir hafa þó borist af alvarlegum slysum í hestamennsku í gegnum tíðina, þó ekki fylgi alltaf sögunni hvort um ferðamenn hafi verið að ræða. Alvarleg slys líkt og mænuskaði eða höfuðáverkar geta haft veruleg áhrif á líf fólks og ber því að hafa allan vara á. Leitast var við að finna nýlegar upplýsingar um tíðni slysa í hestamennsku hjá Heilbrigðisstofnum Sauðárkróks en bar það engan árangur. Samkvæmt samtali höfundar við læknaritara þá voru skráð niður hér á árum áður öll þau slys sem urðu í hestamennsku á svæðinu, en eftir að tekið var í notkun nýtt skráningarforrit á landsvísu bauð forritið ekki upp á þann flokkunarmöguleika. Að sögn læknaritara þá höfðu slíkar upplýsingar verið aðgengilegar fyrir 10 árum en vegna einfaldleika flokkunar í forritinu séu hestaslys ekki flokkuð sérstaklega. Þetta þykir höfundi mjög miður þar sem að út frá slysatíðni mætti meta áhættu í hestamennsku og nota til forvarna í öryggismálum. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur samt sóst eftir upplýsingum um slys í ferðaþjónustu síðastliðin 10 ár og mun væntanlega birta þær upplýsingar innan fárra ára. Forvitnilegt verður að sjá hvort þeir eigi til gögn um slys í hestatengdri ferðaþjónustu.

Margir mismunandi áhrifaþættir eru taldir valda slysum í ævintýraferðamennsku líkt og mynd 3 sýnir (Page o.fl., 2003). Eins og áður hefur komið fram þá byggir

rannsóknin, sem unnin var fyrir þessa ritgerð, að mestu á því líkani sem myndin sýnir. Eins og niðurstöður gefa til kynna þá skora þættir varðandi öryggisbúnað lægst sem orsök slysa og má það helst rekja til þess að notkun öryggisbúnaðar kom almennt vel út meðal þátttakenda. Tveir af þremur hæstu þáttum niðurstaðnanna má flokka undir mannlega þætti líkansins. Vanmat eða ofmat á hæfni einstaklings getur valdið því að rangur hestur er valinn fyrir viðkomandi sem síðan getur leitt til slysa. Starfsfólk er jafnmannlegt og gestir og getur því gert mistök. Þess vegna getur þjálfun og reynsla starfsmanna spilað stóran þátt í öryggi gestsins og getur það oft verið erfitt starf að meta slíkt. Það er því starf stjórnenda að velja hæft starfsfólk og sjá til þess að það hljóti rétta og góða þjálfun. Fagmannleg vinnubrögð á því sviði geta komið í veg fyrir slys.

Líkamlegt ásigkomulag eða líkamleg geta ferðamannsins skoraði sem önnur hæsta orsök slysa í hestatengdri ferðþjónustu. Sá þáttur er nefndur sem persónueinkenni undir mannlegum slysavaldandi þáttum líkansins. Ómögulegt er að breyta líkamlegu ásigkomulagi eða líkamlegri getu gests rétt fyrir brottför hestaferðar. Þá kemur aftur að hæfni starfsmanns að meta ástand gestsins og finna réttan hest og hraða sem hentar hverjum og einum. Jafnvel í mjög slæmum tilvikum gæti starfsmaður þurft að neita gesti um þjónustu ef hann teldi athæfið geta ógnað öryggi gestsins eða hestsins þar sem að það væri engin leið að sníða þjónustuna að líkamlegu formi viðkomandi.

Í spurningakönnuninni voru slæm veðurskilyrði nefnd sem eitt af þeim atriðum sem gætu valdið slysum. Í líkaninu, mynd 3 (Page o.fl., 2003), eru slæm veðurskilyrði talin undir umhverfisþætti. Slæm veðurskilyrði voru talin fjórða algengasta orsök slysa. Vænta má að þessi áhættuþáttur eigi heldur við lengri hestaferðir en styttri, þar sem auðveldlega er hægt að hætta við styttri hestaferðir ef veður versnar. Það getur verið erfitt að snúa við og hætta í lengri ferðum þar sem í sumum tilfellum eiga ferðirnar sér stað langt frá byggðum. Þá kemur enn og aftur inn á þekkingu og reynslu starfsmanna. Starf þeirra er að leiðbeina gestum í gegnum þær ógöngur sem kunna að skapast og vera búnir að undirbúa þá fyrir slíkar aðstæður áður en lagt er af stað bæði með fræðslu og fatnaði.

Víða erlendis þar sem rannsókuð hefur verið tíðni slysa í ævintýraferðamennsku hefur fólki greint á um framkvæmd upplýsingasöfnunar sem slíkrar, þar sem hún er talin draga upp neikvæða mynd af áfangastöðum (Page o.fl., 2003; Bentley & Page, 2007). Með því að varpa upp sannleikanum óttast menn að ógnað sé orðsþori áfangastaða. Nauðsynlegt er að draga upp mynd af ríkjandi stöðu hverju sinni til þess að hægt sé að vinna í þeim málum sem koma upp. Ekki er hægt að vinna á vandamálum sem ekki eru viðurkennd.

Fyrsta stigið í því að lagfæra eitthvað er að gera sér grein fyrir vandamálinu. Samvinna er því nauðsynleg meðal ferðaþjónustufyrirtækja og yfirvalda þar sem orðspor landsins kemur öllum við. Líkt og niðurstöður spurningakannaninnar leiddu í ljós þá voru 85% fyrirtækja sammála því að ef öryggismálum í hestatengdri ferðaþjónustu væri ekki sinnt nógu vel hefði það áhrif á ímynd hestatengdra ferðaþjónustu á Íslandi almennt. Ef sinnuleysi öryggismála getur haft áhrif á ímynd hestatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi almennt gæti það alveg eins haft áhrif á orðspor Íslands sem áfangastaðar. Því eitt er víst að margt smátt gerir eitt stórt. Þar sem að þátttakendur könnunarinnar tóku lang flestir ekki afstöðu (65%) gangvart stöðu mála í öryggismálum í hestatengdri ferðaþjónustu er erfitt að meta hvort þeim sé sinnt sem skyldi. Eflaust má segja að forsvarsaðilar hestatengdra ferðaþjónustufyrirtækja séu ef til vill of hlutdrægir í þeim málum og kjósi ekki að svara því til þess að varpa ekki slæmri mynd á atvinnugeirann sem um leið á sitt eigið fyrirtæki. Mat á öryggismálum verður því að byggja á öðrum liðum spurningakannaninnar.

Miðað við niðurstöður könnunarinnar komu langflestir frekar vel út úr öryggismálum. Hjálmaskylda er hjá öllum fyrirtækjunum bæði meðal starfsmanna og gesta, flest fyrirtæki bjóða upp á hnakka með öryggisstöðum, farið er yfir undirstöðuatriði hestamenskunnar hjá öllum þátttakendum, meirihluti fyrirtækja banna neyslu áfengis (60%) og eru 70,9% starfsmanna af heildarfjölda starfsmanna þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni með skyndihjálparréttindi. Þetta ætti að teljast nokkuð gott en alltaf má gera betur. Það sem mætti fara betur samkvæmt niðurstöðum var að aðeins 5% fyrirtækja lána öryggisvesti til gesta sinna og þá eingöngu fyrir börn. Þessi búnaður er yfirleitt ekki í almennri eign hér á landi og einnig væri það kostnaðarsamt að bæta við þessum búnaði. Í verslun Líflands kostar öryggisvesti fyrir barn 19.900 kr., sem ætti að teljast þó nokkur viðbótarkostnaður (Lífland, á.á.). Annar þáttur sem ekki kom nægilega vel út úr spurningakönnuninni var að ekki voru öll fyrirtæki með viðbótatryggingar, 25% svarenda voru bara með þær skyldutryggingar sem til þarf til starfsleyfis. Ekki næst nægilegur árangur í öryggismálum nema hlúð sé að öryggi allra þátta starfsemi fyrirtækisins. Viðbótatryggingar tryggja m.a. öryggi starfsmanna, hesta, búnaðar og öryggi gagnvart þriðja aðila. Allir þessir þættir ættu að vera tryggðir til þess að góður árangur náist í öryggismálum. Viðbótatryggingar kalla að vita skuld fram aukakostnað, en ef slys ber að garði getur það margborgað sig því enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

7 Lokaorð

Enginn er fullkominn og enginn getur verið fullkominn. Sama má segja um öryggismál að þau verða seint fullkomin því alltaf er hægt að gera betur. Á tímum hnattvæðingar þar sem hlutirnir breytast ört á sér stað stöðug þróun. Þróun á sviði öryggismála er þar engin undantekning þar sem kröfurnar verða alltaf meiri.

Eins og sýnt hefur verið fram á í þessari ritgerð þá eru öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu nauðsynleg fyrir alla, fyrirtækið, stjórnendur, gesti, hestinn og greinina almennt. Þó svo vísbendingar gefi til kynna að slysatíðni í hestamennsku sé heldur há er ekki hægt að fullyrða að hestamennska sé hættuleg ferðamönnum. Allur er varinn góður og ef farið er varlega og öryggismálum sinnt ætti að vera hægt að draga töluvert úr slyshættum.

Staða öryggismála á Íslandi er alls ekki slæm en mætti vera betri. Rannsóknin sem framkvæmd var fyrir þessa ritgerð sýndi fram á að forsvarsaðilar hestatengdra ferðaþjónsutufyrirtækja eru meðvitaðir um þær hættur sem kunna að koma upp í kringum hestatengda ferðaþjónustu. Þeir sem tóku þátt í könnuninni komu almennt vel út úr rannsókninni og greinilegt er að það er hugað vel að öryggismálum almennt. Velta má samt upp þeirri hugleiðingu hvort eingöngu þeir „samviskusömu“ hafi tekið þátt í könnuninni en þeir sem ekki huga nægilega vel að þessum málum hafi hunsað tölvupóstinn með könnuninni og ekki svarað, eða jafnvel ekki skoðað tölvupóstinn sinn. Það verður aldrei hægt að segja hvort svo sé þó höfund gruni að svo gæti verið.

Heimildaskrá

Árni Þórður Jónsson (2006). *Átta alvarleg mænuskaðaslys á síðustu misserum – Opinn fundur VÍS um forvarna- og öryggismál í hestamennsku*. Skoðað 20.apríl 2011 á vef Hestafrétta: <http://www.hestafrettir.is/PrentaFrett.asp?aID=1856>

Beeton, S. (2001). Horseback Tourism in Victoria: Cooperative, Proactive Crisis Management. *Current Issues in Tourism*. 4(5), 403-421.

Bentley, T.A. & Page, S.J. (2007). A decade of injury monitoring in the New Zealand adventure tourism sector: A summary risk analysis. *Tourism Management*. 29(2008), 857-869.

Bjarni Reynarsson (2006) *Erlendir ferðamenn á Íslandi. Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*. Unnið fyrir Samgönguráð í júní 2006. Reykjavík: Land-ráð sf.

Brynjólfur Mogensen & Magnús Pétursson (2004). *Fækka má slysum í hestamennsku*. Skoðað 20.apríl 2011 á vef Morgunblaðsins: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=799143

Buckley, R. (2006). *Adventure tourism*. UK: Biddles Ltd, King's Lynn.

Burns, A.C. & Bush, R.F. (2010). *Marketing Research*. New Jersey: Pearson Prentice Hal.

Búfjárlög nr. 103/2002.

Bændasamtök Íslands (á.á.). *Opinn landbúnaður*. Skoðað 23.maí 2011 á <http://www.bondi.is/Pages/232>

Ferðamálastofa (á.á.a). *Ferðaskrifstofur- skrá yfir leyfishafa skv. lögum nr. 73/2005*. Skoðað 22.maí 2011 á <http://www.ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/524>

Ferðamálastofa (á.á.b). *Ferðaskipuleggjendur – skrá yfir leyfishafa skv. lögum nr. 73/2005*. Skoðað 22.maí 2011 á <http://www.ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/500>

Forsætisráðuneytið (2008). *Ímynd Íslands – styrkur, staða stefna*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Gísli B. Björnsson og Hjalti Jón Sveinsson (2004). *Íslenski hesturinn*. Reykjavík: Mál og menning.

Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir (2008). Horse based tourism: Community, quality and disinterest in economic value. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism* 8 (2), 105-121.

Hagstofa Íslands (2011a). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2011*. Skoðað 6.maí 2011 á <http://www.hagstofa.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2011+++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands (2011b). *Farþegar um Keflavíkurflugvöll eftir ríkisfangi og mánuðum 2002-2010*. Skoðað 6.mái 2011 á <http://www.hagstofa.is/?PageID=686&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SAM02001%26ti=Far%FEegar+um+Keflav%EDkurflugv%F6ll+eftir+r%EDkisfangi+og+m%E1nu%F0um+2002%2D2010+%26path=../Database/ferdamal/Fartheagar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Herdís Brynjólfssdóttir & Björn Sigurðsson (2001). *Íslenski hesturinn – saga hestsins*. Skoðað 22.mái 2011 á <http://www.ismennt.is/not/hbrynj/hestar/tharfasti.htm>

Hudson, S. (2003). *Sport and adventure tourism*. New York: The Haworth Hospitality Press.

Ingibjörg Sigurðardóttir (2007). *Stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu – hestaleigur og hestaferðafyrirtæki*. Hólar: Háskólinn á Hólum.

Ingibjörg Sigurðardóttir (2011). Hestamennska sem atvinnugrein á Norðurlandi vestra. *Fræðaging landbúnaðarins*. 8(2011), 84-90.

Ingibjörg Sigurðardóttir og Guðrún Helgadóttir. 2006. Upplifun og þjónusta: Íslenskir gestir í hestaleigum. *Landabréfið*, 22, 37-49.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (2009). *Tölfræðirit*. Skoðað 7.mái 2011 á <http://isi.is/content/files/public/skjol/Rit/Tolfraedi/T%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0irit%202009.pdf>

Jónas Guðmundsson (2011). *Fjölgun ferðamanna fylgir ábyrgð*. Óútgefin grein frá Slysavarnafélagi Íslands.

Landlæknisembættið (2009). *Fjöldi slysa eftir tegund, 2009*. Skoðað 10.mái 2011 á <http://www.landlaeknir.is/Pages/1545>

Landssamband hestamannafélaga (2009). *Aðildafélög*. Skoðað 6.mái 2011 á <http://www.lhhestar.is/is/page/adildafelog>

Laxnes horse farm (á.á.). Skoðað 22.mái 2011 á <http://www.laxnes.is/>

Lífland (á.á.). Skoðað 27.mái 2011 á <http://www.lifland.is/item.php?item=3681>

Lög um skipan ferðamála nr. 73/2005.

Mansfeld, Y. & Pizam, A. (2006). *Tourism, security and safety: from theory to practice*. Oxford: Elsevier Inc.

mbl.is (2011). *Datt af hestbaki*. Skoðað 11.mái 2011 á http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/04/05/datt_af_hestbaki/ sótt 11.mái 2011

Ollenburg, C. (2005). Worldwide structure of the equestrian tourism sector. *Journal of Ecotourism*. 4 (1), 47-55.

Page, S.J. (2003). *Tourism Management – Managing for change*. Italy: Butterworth-Heinemann.

Page, S.J., Bentley, T.A. & Walker, L. (2003). Scoping the nature and extent of adventure tourism operations in Scotland: how safe are they?. *Tourism Management*. 26(2005), 381-397.

Reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum nr. 758/1999.

Ríkisútvarpið (2010). *Banaslys á Þingvöllum*. Skoðað 25.maí 2010 á <http://www.ruv.is/frett/banaslys-a-thingvollum>

Samgönguráðuneytið (2004). *Afbreyting í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (2009). *Markaðssetning íslenska hestsins erlendis*. Reykjavík: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Swarbrooke, J., Beard, C., Leckie, S. & Pomfret, G. (2003). *Adventure tourism: the new frontier*. Oxford: Elsevier Science Ltd.

Vátryggingafélag Íslands (2011a). *Hestaleiga*. Skoðað 12 maí 2011 á <http://vis.is/fyrirtaeki/atvinnugreinar/ferdathjonusta/hestaleiga/#Grunnur>

Vátryggingafélag Íslands (2011b). *Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar*. Skoðað 12.maí 2011 á <http://vis.is/fyrirtaeki/tryggingar/abyrgdartryggingar/almennar/abyrgdartrygging-atvinnurekstrar/>

Vátryggingafélag Íslands (2011c). *Slysatrygging launþega*. Skoðað 12.maí 2011 á <http://vis.is/fyrirtaeki/tryggingar/personutryggingar/slysatrygging-launþega/>

Vátryggingafélag Íslands (2011d). *Lausafjártrygging*. Skoðað 12.maí 2011 á <http://vis.is/fyrirtaeki/tryggingar/eignatryggingar/lausafjarmunir/lausafjartrygging/>

Vátryggingafélag Íslands (á.á.). *Öryggi í hestamennsku*. Skoðað 2.apríl 2011 á http://vis.is/library/Auglysingar/Baeklingar/Hestavernd_A5.indd.pdf

Visit Iceland (á.á.a). Skoðað 5.apríl 2011 á <http://www.visiticeland.com/SearchResults/?area=0&type=5&subtype=5.1.27&keyword=By%20Keyword>

Visit Iceland (á.á.b). Skoðað 24.apríl 2011 á <http://is.visiticeland.com/Hafasamband/>
Weber, K. (2001). Outdoor Adventure Tourism – A Review of Research Approaches. *Annals of Tourism Research*. 28(2), 360-377.

Viðauki I

Spurningakönnun

Þessi könnun er verkfæri nemanda í ferðamálafræði við Háskóla Íslands við gerð lokaverkefnis(BS). Líkt og titillinn gefur til kynna þá fjallar lokaverkefnið um öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu. Könnunin inniheldur 35 spurningar og tekur 10 - 15 min. Það skal tekið fram að könnun þessi er trúnaðarmál og nafnlaus. Ekki verður hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga/fyrirtækja.

Takk kærlega fyrir þátttökuna

1. Hvert er fæðingar ár þitt? _____
2. Hvert er starfsheiti þitt innan fyrirtækisins? _____
3. Hver er menntun þín (Vinsamlegast merkið við hæsta menntunarstig sem við á)?
 Grunnskólapróf
 Stúdentspróf
 Iðnmenntun
 Búfræðipróf
 BA/BS próf eða sambærilegt
 MA/MS próf eða sambærilegt
 Dokorspróf
 Önnur menntun
4. Hvaða ár hóf fyrirtækið þitt rekstur í hestatengdri ferðaþjónustu? _____
5. Fyrirtækið mitt býður upp á:
 Styttri hestaferðir (minna en 1 dagur)
 Lengri hestaferðir (lengra en 1 dagur)
 Bæði
6. Hver er fjöldi starfsmanna á mánuði við þína hestaferðaþjónustu frá júní til ágúst að þér meðtöldum?

7. Hver er fjöldi starfsmanna á mánuði við þína hestaferðaþjónustu í september til maí að þér meðtöldum?

8. Hver er heildargestafjöldi fyrirtækisins á ári í ferðum sem taka styttri tíma en einn dag? (Vinsamlegast merkið 0 ef fyrirtækið þitt bíður ekki upp á styttri ferðir)

9. Hver er heildargestafjöldi fyrirtækisins á ári í ferðum sem taka lengri en einn dag? (Vinsamlegast merkið 0 ef fyrirtækið þitt bíður ekki upp á lengri ferðir)

10. Hver er meðalaldur leiðsögumanna í hestaferðum? (Þessi spurning á **ekki** við þá sem sérhæfa sig eingöngu í **lengri** hestaferðum).

- 16 – 20 ára
- 21 – 25 ára
- 26 – 30 ára
- 31 – 35 ára
- 36 – 40 ára
- 41 – 45 ára
- 46 – 55 ára
- eldri en 50 ára
- á ekki við

11. Hver er meðalaldur leiðsögumanna í hestaferðum? (Þessi spurning á **ekki** við þá sem sérhæfa sig eingöngu í **styttri** hestaferðum).

- 16 – 20 ára
- 21 – 25 ára
- 26 – 30 ára
- 31 – 35 ára
- 36 – 40 ára
- 41 – 45 ára
- 46 – 55 ára
- eldri en 50 ára
- á ekki við

12. Hversu margir af starfsmönnum þínum eru með gild skyndihjálparéttindi?

13. Hvað er miðað við marga gesti á hvern starfsmann í hestaferð hjá þínu fyrirtæki?

14. Er hjálmaskylda hjá þínu fyrirtæki meðal ferðamanna?

- Já
- Nei

15. Er hjálmaskylda hjá þínu fyrirtæki meðal starfsmanna?
() Já
() Nei
16. Geta ferðamenn fengið lánuð öryggisvesti í hestaferðum hjá þínu fyrirtæki?
() Já
() Nei
() Já, en þau eru eingöngu fyrir börn
() Ég veit ekki hvað öryggisvesti eru
17. Hefur þitt fyrirtæki allar þær skyldutryggingar sem snúa að rekstri hestatengdrar ferðaþjónustu?
() Já
() Nei
18. Ef já, hjá hvaða tryggingarfélagi?

-
19. Hefur fyrirtækið þitt einhverjar viðbótatryggingar sem tryggja eiga m.a. öryggi starfsmanna, útbúnaðar, aðstöðu eða hesta?
() Já
() Nei

20. Ef já, hvaða tryggingar eru það í stuttu máli?

-
21. Eru ferðamenn látnir skrifa undir yfirlýsingu um að þeir ábyrgist eigið öryggi áður en lagt er af stað?
() Já
() Nei
() Stundum

22. Eru einhverjir hnakkar útbúnir með öryggisístöðum (ístöð með grind) í þínu fyrirtæki?
() Já, en þau eru eingöngu ætluð börnum undir 12 ára aldri
() Já, en þau eru eingöngu ætluð byrjendum
() Já
() Nei

23. Hversu oft eru reiðtygi, hjálmar, öryggisvesti eða annar búnaður sem viðkemur hestaferðaþjónustu yfirfarinn og endurnýjaður?
() Oftar en á 6 mánaða fresti
() Á 6 mánaða fresti
() Árlega
() Annað hvort ár
() Sjaldnar
() Aldrei

24. Er farið yfir undirstöðuatriði sem varða öryggi í hestamennsku og/eða reiðmennsku með ferðamönnum í þínu fyrirtæki áður en lagt er af stað í hestaferðir?
 Eingöngu í styttri ferðum
 Eingöngu í lengri ferðum
 Bæði í styttri og lengri ferðum
 Ekki er farið yfir undirstöðuatriði
25. Hversu oft hefur þurft að fara með gest undir læknishendur eftir slys í hestaferðum?
 Aldrei
 1-3
 3-5
 6 sinnum eða oftar
26. Eru óhöpp sem verða, skráð sérstaklega og gestir láttir kvitta undir til að koma í veg fyrir lögsókn eða óþarfa misskilning?
 Já
 Nei
 Stundum
27. Neysla áfengis meðal gesta og starfsmanna:
 Er bönnuð
 Er aðeins bönnuð meðal starfsmanna
 Er aðeins bönnuð meðal gesta
 Er leyfileg
 Aldrei hafa verið settar reglur varðandi áfengisnotkun
28. Hver eru helstu orsök slysa í hestatengdri ferðaþjónustu að þínu mati (*merktu frá 1 upp í 9. 9 er mest og 1 er minnst*).
 Samskiptaörðuleikar ferðamanns og starfsmanna
 Vanmat á getu ferðamanns/ rangur hestur valinn
 Glæfraskapur
 Líkamlegt ásíðkomulag/líkamleg geta ferðamannsins
 Öryggisbúnaður ekki notaður (hjálmur, öryggisvesti eða annar öryggisbúnaður)
 Öryggisbúnaður passar ekki ferðamanni (of stór/lítill)
 Búnaður bilaður eða gamall
 Slæm veðurskilyrði
 Ófyrirséð viðbrögð/ hegðun hestsins
29. Ef annað hvað þá? _____

Hvað finnst þér um öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu? Ertu sammála, ósammála eða hlutlaus eftirfarandi fullyrðingum?

30. Hjálmaskylda meðal ferðamanna í hestaferðum er nauðsynleg.
 Sammála Hlutlaus Ósammála
31. Hjálmaskylda meðal starfsmanna í hestaferðum er nauðsynleg.
 Sammála Hlutlaus Ósammála

32. Það er mjög nauðsynlegt að fara yfir undirstöðuatriði reiðmennsku með þátttakendum áður en lagt er af stað.
 Sammála Hlutlaus Ósammála
33. Öryggismálum hjá hestaferðaþjónustu fyrirtækjum er almennt vel sinnt á Íslandi.
 Sammála Hlutlaus Ósammála
34. Ef öryggismálum er ekki sinnt nógu vel getur það haft áhrif á ímynd hestatengdra ferðaþjónustu á Íslandi.
 Sammála Hlutlaus Ósammála
35. Er eitthvað annað sem þú villt koma á framfæri varðandi öryggismál í hestatengdri ferðaþjónustu?
-